

**HREFNA HÖRN LEIFSDÓTTIR**

*Syndir jafnvel fjórtán kílómetra á dag*

heilsa heimili

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**FLUTNINGAR**

*Auðveldari flutningar í háhýsum*

Sérblað um flutninga og þjónustu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**PÁLL ÓSKAR**

*Syngur í sjö brúðkaupum 07.07.07*

Ókrýndur konungur brúðkaupssöngvaranna

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júní 2007 — 171. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Venni kjálkabrotnaði



Sjónvarpsmaðurinn og fasteignasalinn Venni Páer lenti í viku frá helvíti.

FÓLK 30

### Hrækti á aðdáendur



Justin Timberlake missti stjórn á sér fyrir tónleika í Gautaborg í gær og hrækti á sænska aðdáendur sína.

FÓLK 22

### Kraftmikil orkupólitík

„Það er enginn vafi í mínum huga að eitt stærsta verkefnið í íslenskum stjórnmálum á þessu kjörtímabili verður að móta hér alvöru orkupólitík,“ segir Katrín Júlíusdóttir alþingiskona.

Í DAG 14

### Öruggur sigur Vals



Valsstúlkur gerðu sér lítið fyrir og skoruðu fjögur mörk gegn Blikastúlkum í Kópavoginum í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUNNAN OG VESTAN TIL -** Í dag verða norðvestan 8-13 austast á landinu annars hægari. Hætt við smáskúrum norðaustan og austan til en bjartviðri á Suður- og Vesturlandi. Hiti 8-18 stig, hlýjast til landsins syðra.

VEÐUR 4




# Ökumenn í neti stafrænna vegmyndavéla

**Settar hafa verið upp nýjar stafrænar eftirlitsmyndavélar sem munu dæla myndum af ökuföntum beint til lögreglustjóraembættisins á Snæfellsnesi. Þar eru tveir menn í fullri vinnu við að senda út sektarseðla vegna brota.**

**LÖGREGLUMÁL** Net stafrænna myndavéla verður sett upp um allt land innan tíðar. Fyrstu vélarnar hafa þegar verið settar upp. Þær mæla hraðakstur og eru beintengdar við embætti lögreglustjóra Snæfellinga.

„Þessar vélar, sem eru stafrænar og af mjög miklum gæðum, eru alltaf í gangi, allan sólarhringinn, þannig að eftirlit með hraðakstri eykst verulega,“ segir Páll Winkel aðstoðarríkislögreglustjóri.„Markmiðið er ekki að fjölga sektum heldur að ná niður umferðarhraðanum.“

Að sögn Páls verða samtals 16 myndavélar settar upp víðs vegar um landið. Ef fyrirkomulagið gefst vel verður vélunum fjölgað enn frekar. „Stóra breytingin við þessa nýjung er sú, að það þarf ekki að skipta um filmu í nýju vélunum eins og þurft hefur í þeim gömlu.“ Hið aukna eftirlit fer fram með þeim hætti að um leið og vél myndar ökufant fer myndin rafrænt í gagnagrunn hjá lögreglustjóra Snæfellinga. Þar verða tveir menn í fullu starfi við að taka á móti boðum frá vélunum og senda út sektarseðla vegna brota.

„Þessar vélar verða settar upp á þeim stöðum þar sem mikið hefur verið um hraðakstur og flest slysin hafa orðið,“ útskýrir Páll. „Þetta þýðir það að lögreglan getur þá einbeitt sér að öðrum svæðum. Þetta er því hrein viðbót við umferðareftirlitið.“

Þessi aukni eftirlitsbúnaður er til kominn í kjölfar nýs samstarfssamnings milli ríkislögreglustjóra annars vegar og Vegagerðarinnar og Umferðarstofu hins vegar um sérstakt umferðareftirlit.

Í kjölfar samninganna hafa einnig verið teknir í notkun nýir öndunarsýnamælar sem gefa endanlega niðurstöðu strax. Loks eru nú öll afskipti lögreglumanna tekin upp á geisladisk sem síðan fylgir viðkomandi málum. Þeir sem rengja mælingu eða hafa athugasemdir við verklag lögreglu geta einfaldlega fengið að sjá myndskeiðið. **- jss**



**SKRAUTLEGIR SELFYSSINGAR** Í götuleikhúsi Árborgar eru krakkar úr áttunda bekk. Þau skemmta á elliheimilum, í leikskólum og á götum Selfoss. Eins og sjá má lífga þau svo sannarlega upp á umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

Þriðji Brasilíufanginn hefur setið í Belém II fangelsinu í Sao Paulo í á þriðju viku:

# Var með rúm sex kíló af kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingurinn sem er í haldi lögreglu í Brasilíu fyrir fíkniefnasmygl var handtekinn 6. júní síðastliðinn með rúmlega sex kíló af kókaíni í fórum sínum. Að sögn rannsóknarlögreglumanns í Sao Paulo var hann stöðvaður við hefðbundið eftirlit á Guarulhos-flugvellinum í Sao Paulo á leið til Lissabon.

Maðurinn er 28 ára gamall og var einn á ferð. Tveimur dögum síðar var hann fluttur í fangelsið Belém II í Sao Paulo. Þar hefur hann nú verið í á þriðju viku.

Lögreglan leitar reglulega, nær daglega, að fíkniefnum á flugvellinum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Lögregluyfirvöld á Íslandi hafa ekki fengið málið inn á sitt borð. Heimildir Fréttablaðsins herma að utanríkisráðuneytinu hafi hvorki borist beiðni um aðstoð frá manninum né fjölskyldu hans. Pétur Ásgeirsson, skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu, vill ekkert tjá sig um málið.

Tveir aðrir Íslendingar eru ófrjálsir í Brasilíu eftir að hafa verið teknir þar með fíkniefni. Annar, Hlynur Smári Sigurðarson, var tekinn með tvö kíló af barnapúðri, sem hann hélt vera kókaín, og kennir ensku í samfélagsþjónustu. Hinn var tekinn með tólf kíló af hassi á leið inn í landið. Við því getur legið margra ára fangelsisvist. **- sh**








**FARNIR** Breskir hermenn loka hliðinu að tæmdri Bessbrook-herstöðinni í gær.

Friðarferlið á Norður-Írlandi:

# Herinn burt frá höfuðvígi IRA

**NORÐUR-ÍRLAND, AP Síðustu bresku hermennirnir yfirgáfu í gær Suður-Armagh-sýslu á Norður-Írlandi, þar sem þeir höfðu staðið vaktina við landamærin að írska lýðveldinu síðastliðin 37 ár.**

**Yfirmaður þess herliðs sem eftir er á N-Írlandi, Nick Parker, sagði að sú hætta sem stafaði af klofningshópum IRA sem vildu halda vopnaðri baráttu áfram væri það lítil að hún kallaði ekki á mikinn hernaðarlegan viðbúnað. Lögreglan væri með aðstoð hryðjuverkavarna-leyniþjónustu fær um að fást við þau tilfelli sem upp kynnu að koma. - aa**

Dýr þjóðhátíðarskemmtun:

# Víkingar vilja „blóðbaðsbætur“

**FÓLK** Sextán manna vígahópur frá víkingafélaginu Rimmugýgi varð fyrir miklu tjóni þegar málningu var hellt yfir fokdýra búninga þeirra og búnað í miðri bardagasýningu á 17. júní. Stúlkur á vegum Hins hússins, í gervi valkyrja, helltu yfir þá blóðrauðri málningunni, sem ætlað var að gæða bardagann auknu lífi og raunveruleika.

„Þetta er rándýr búnaður sem hefur ómetanlegt tilfinningalegt gildi í mörgum tilvikum,“ segir talsmaður hópsins. Víkingarnir fara fram á bætur. **- sh / sjá síðu 4**



**HAFSÚLAN Í HÖFN** Búið var að ráða niðurlögum eldsins þegar skipið kom í höfn.

Farþegarnir sluppu ómeiddir:

# Eldur kom upp í Hafsúlunni

**ELDUR Eldur kom upp í hvalaskoðunarskipinu Hafsúlunni í gærkvöld. 75 manns voru í skipinu, sem var statt úti fyrir Lundey á Kollafirði þegar atvikið átti sér stað.**

**Allt tiltækt slökkvilið og björgunarsveitir voru kallaðar út vegna eldsins, en þegar báturinn kom til hafnar hafði eldurinn verið slökktur. Einn var fluttur á sjúkrahús með minniháttar reykeitrun, en annars sakaði engan. Eldsupptök eru ókunn. - sgj**

## SPURNING DAGSINS



*Ásgeir, fara stúlkurnar þá ekki bara að dansa undir borðum?*

„Ég held að það hljóti að vera eina leiðin.“

Einkadans verður bannaður með öllu um næstu mánaðamót. Ásgeir Davíðsson er eigandi skemmtistaðarins Goldfinger í Kópavogi.

Fulltrúar Starfsgreinasamband Íslands funduðu með ráðherra um ráðgjöf Hafró:

# Kvótaálagi verði ekki aflétt

**VINNUMARKAÐUR** Niðurskurður á þorskveiðum samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar myndi jafngilda því að tuttugu fiskvinnsluhús yrðu verkefnalaus, sé reiknað með því að aflinn sé unninn í landi, segir Aðalsteinn Baldursson, formaður matvælasviðs Starfsgreinasambands Íslands (SGS).

Fulltrúar SGS funduðu í gær með Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra, en Aðalsteinn segir sambandið hafa þungar áhyggjur af niðurskurði í aflaheimildum á þorski, sem geti haft alvarleg áhrif á starfsfólkið.

Hann bendir á að þó talað sé um að samfélagið í heild sé vel í stakk búið til að takast á við áföll verði að gæta að því að þó vel ári á sumum svæðum byggi önnur afkomu sína á fiskveiðum, og þar sé sáralítið svigrúm.

Aðalsteinn segir fundinn með ráðherra hafa verið uppbyggilegan, ráðherra hafi meðal annars óskað eftir hugmyndum SGS varðandi félagsleg úrræði fyrir þá sem verst verða úti verði þorskkvótinn skertur. SGS muni nú fara í að vinna slíkar tillögur.

SGS leggur áherslu á að hætt verði við að aflétta tíu prósenta kvótaálagi. Verði það afnumið minnki hvatinn til að landa aflanum í landi og vinna hann heima, og meiri freisting að senda aflann úr landi í gámum.

„Þetta er atriði sem okkur finnst skelfilegt að fá ofan í fyrirliggjandi tillögur um skerðingu frá Hafró,“ segir Aðalsteinn. - bj



**Á FUND RÁÐHERRA** Þeir Aðalsteinn Baldursson (til vinstri) og Vilhjálmur Birgisson frá matvælasviði SGS gengu á fund sjávarútvegsráðherra í gær.

Sjómannasamband Íslands:

## Taka tillögur Hafró alvarlega

**SJÁVARÚTVEGUR** Tillögur Hafrannsóknastofnunar um verulegan niðurskurð í þorskveiðum á næsta fiskveiðiári verður að taka alvarlega. Ljóst er að markmið fiskveiðistjórnunarkerfisins um að byggja upp þorskstofninn hefur algjörlega mistekist. Þetta kemur fram í ályktun sem Sjómannasamband Íslands sendi frá sér.

Öllum ráðum þarf að beita til að snúa þróuninni við, þannig að þorskstofninn vaxi á næstu árum í stað þess að standa í stað eða minnka, segir í tilkynningu. Sérstaklega þurfi að skoða áhrif leiguframsals veiðiheimilda og brottkasts í þeim tilgangi. - sþs

Höfuðkúpubrot enn óupplýst:

## Litháarnir sex ekki sökudólgar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan sleppti í gærmorgun sex Litháum sem handteknir voru í Breiðholti aðfaranótt sunnudags eftir að húsráðandi var höfuðkúpubrotinn með barefli í eigin samkvæmi. Honum er enn haldið í öndunarvél en er á batavegi. Þá var einn stunginn í bakið en slapp með skeinur.

Litháarnir sex reyndust ekki vera sökudólgarnir í málinu, heldur voru þeir gestkomandi í samkvæminu og þolendur eða vitni að árásinni. Svo virðist sem ókunnir menn, einnig Litháar, hafi ráðist inn í samkvæmið og hafið hópslagsmál með áðurnefndum afleiðingum. - sh

Breytingar hjá borginni:

## Tvö embætti endurvakin

**STJÓRNMÁL** Embætti borgarritara og borgarlögmanns verða endurvakin samkvæmt nýsamþykktum breytingum á stjórnkerfi og skipuriti Reykjavíkurborgar.

Með breytingunum heyrir öll starfsemi Ráðhússins undir borgarritara að undanskildum skrifstofu borgarstjóra, skrifstofu borgarstjórnar og embætti borgarlögmanns.

Markmið stjórnkerfisbreytinganna er að auka skilvirkni og efla þjónustu Ráðhúss og samnýta betur starfskrafta innan stjórnsýslu borgarinnar. - lbb

**SLÖKKVILIÐ**

### Mosabruni við þjóðveg 1

Björgunarsveitin Kyndill var kölluð út til að hjálpa slökkviliði Kirkjubæjarklausturs við að slökkva mosabruna við vegamót þjóðvegar 1 og vegar sem liggur að Skaftártungu. Eldurinn var slökktur áður en björgunarsveitin var komin á staðinn og var hún því afboðuð.

# Vegirnir anna ekki umferð borgarinnar

**Vegakerfið ber ekki aukna bílaumferð til og frá höfuðborginni. Aukin bílaeign og tjaldvagnar margfalda álagið. Lögreglan lítur á hverja helgi í sumar sem umferðarhelgi. Gatnamótin við Rauðavatn og Þingvallaveg stífla helst umferðina.**

**SAMGÖNGUR** Bílaeign hefur aukist svo mikið síðustu árin að vegakerfið annar ekki lengur umferðinni. Þetta sannaðist enn og aftur á sunnudaginn þegar bílalestin var nær óslitin annars vegar frá Grundartanga til Reykjavíkur og hins vegar nær alla leið austur á Selfoss.

Lögreglan var með viðbúnað við umferðarstýringu frá klukkan tæplega fimm um daginn og til að ganga tíu um kvöldið.

Helst kreppir skórinn á svæði við gatnamót Þingvallavegar og Vesturlandsvegar og þar sunnar niður að hringtorgum í Mosfellsbæ. Á Suðurlandsvegi verða tafir við hringtorg við Rauðavatn. Einnig er flöskuháls við Selfoss.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir að endurbætur á þessum gatnamótum séu fljótvirkasta leiðin til að greiða fyrir umferðinni. Til lengri tíma séð þurfi þó vafalaust að breikka vegina.

Á sama tíma í fyrra var afar svipuð umferð um Vesturlandsveg, án viðlíka tafa.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar, segir hugsanlega skýringu á þessu vera þá að við gatnamótin við Þingvallaveg séu vegaframkvæmdir. Aukið magn tjaldvagna sé önnur skýring. Í það heila hafi umferð aukist svo mikið að nú flokkist allar helgar sumars undir umferðarhelgar.

„Bílaeign hefur aukist gífurlega síðustu þrjú til fjögur árin. Þegar eftirvagnar eru komnir aftan í annan eða þriðja hvern bíl þá þýðir það margöldun á umferð,“ segir hann.




**Nýr raunveruleiki?**

Guðbrandur Sigurðsson aðalvarðstjóri minnir á að víða í Evrópu stíflist umferð einnig á álagstímum, jafnvel þótt akreinar séu fjölmargar. Umferðartafir á álagstímum séu því ekki séríslenskt fyrirbæri. Ökumenn gætu þurft að venjast tilhugsuninni og gefa sér lengri ferðatíma við þessar aðstæður. Sérstaklega á þetta við ef tjaldvagnar haldast í tísku.




Guðbrandur telur að þrátt fyrir miklar vegabætur síðustu ára virðist svo vera sem vegakerfið anni einfaldlega ekki bílaflota borgarbúa.

Guðbrandur telur það torvelt að takmarka umferð tjaldvagnanna. Það væri enda hlutverk löggjafans en ekki lögreglu.

Vandasamt sé að greiða úr umferð þegar vegfarendur keyri í bæinn eða út úr honum á sama tíma. Hvalfjarðargöngunum var lokað fjórum sinnum á sunnudaginn af öryggisástæðum, þegar umferð var stopp Reykjavíkurmegin við göngin. Marínó Tryggvason, afgreiðslustjóri Spalar, segist ekki muna eftir viðlíka ástandi. Hann bendir til útskýringar á mikla bílaeign, „hjólhýsamenninguna sem tröllríður öllu þessa dagana“ og góðviðrið.

„Það hugsa allir eins og fólk vill njóta veðursins þegar það er svona gott,“ segir hann. Marínó á því von á fleiri umferðarhnútum í sumar.

klemens@frettabladid.is



**STROKKUR** Ferðamenn eru varaðir við hættunni með skiltum við hverinn.

Maður brenndist við Strokk:

## Aðstoð að fá á Hótel Geysi

**SLYS** Pólverji á þrítugsaldri fékk annars stigs bruna þegar hann varð fyrir sjóðandi heitu vatni úr Strokki á laugardag.

Maðurinn og ferðafélagar ætluðu að aka til Selfoss í leit að aðstoð, en vegfarandi fór með þá að næsta bæ. Mönnunum hafði ekki hugkvæmst að leita hjálpar á hótelinu.

Starfsmenn á Hótel Geysi eru vanir skyndihjálp og hafa smyrsl og kalt vatn til að hlúa að brunasárum, að eigin sögn. - sgj

Átökin á Gazasvæðinu:

## Leiðtogarnir hittast á fundi

**EGYPTALAND, AP** Leiðtogar Ísraels og Arabaríkjanna héldu fund á mánudag í því skyni að styðja við forseta Palestínu, Mahmoud Abbas, og ýta við friðarviðræðum í kjölfar yfirtöku Hamas á Gazasvæðinu.

Mikill óstöðugleiki hefur ríkt á svæðinu síðan slitnaði upp úr þjóðstjórn Hamas- og Fatahhreyfingarinnar fyrir skemmstu. Forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, var ekki bjartsýnn á að friðarsamningar næðust nema eftir miklar viðræður. Hann lýsti því þó yfir að hann hyggðist sleppa 250 Fatah-liðum úr haldi. - sgj

BÍLL DAGSINS
MITSUBISHI LANCER COMFORT
Nýskr. 02.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 27 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Portúgalskur starfsmaður beið bana í vinnuslysi í stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar:

# Féll fjóra metra niður á steingólf

**BANASLYS** Portúgalskur starfsmaður í Fljótsdalsstöð, stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar, lést í gærmorgun af völdum áverka sem hann hlaut þegar hann féll fjóra metra niður á steingólf í stöðvarhúsinu.

Starfsmenn voru að hífa stykki milli hæða í húsinu, en slynkur kom á það með þeim afleiðingum að það rakst í manninn. Hann missti jafnvægið og féll niður á gólfið. Öryggisgirðing hafði verið fjarlægð á meðan stykkið var híft upp, en maðurinn var með öryggisbeisli.

Maðurinn var umsvifalaust fluttur til Egilsstaða, en þaðan átti að senda hann með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Hann lést vegna höfuðáverka og innvortis blæðinga í sjúkrabílnum á leiðinni.

Maðurinn starfaði fyrir VA-Tech, sem er þýsk/austurrískt fyrirtæki sem sér um vélar og rafbúnað í stöðvarhúsinu. Samstarfsmönnum mannsins var boðið upp á áfallahjálp í kjölfar slyssins.

Þetta var fimmta banaslysið sem hefur orðið við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Bænastund var haldin fyrir starfsmenn VA-Tech klukkan fimm í kirkjunni á Valþjófsstað. Prestur var Lára Oddsdóttir. - sgj



**FLJÓTSDALSSTÖÐ** Maðurinn hrapaði fjóra metra og lést áður en hann komst í sjúkraflug. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### FIMM BANASLYS VIÐ FRAMKVÆMDIRNAR

**2004** - Íslenskur starfsmaður Arnarfells lést vegna grjóthruns í stíflustæðinu við Hafrahvammagljúfur.

**2006** - Íslenskur starfsmaður Arnarfells lést vegna grjóthruns af völdum sprenginga í aðrennslisgöngum í Desjarárdal.

**2006** - Íslenskur starfsmaður hjá Suðurverki lést þegar skurðgrafa valt við Desjarárstíflu.

**2006** - Króatískur starfsmaður Landsnets lést þegar einangrunarkeðja féll á hann á Fljótsdalsheiði.

**2007** - Portúgalskur starfsmaður VA-Tech lést þegar hann féll fjóra metra niður á steingólf í Fljótsdalsstöð.

www.toyota.is

# **Meira** rými




## Frábær nýting á plássi

Meira innanrými í nýrri Corolla
Meira öryggi
Hljóðlátastur í sínum flokki
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla
á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.960.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37941 06/07

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

**GENGIÐ 25.06.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,54 | 62,84 |
| Sterlingspund | 125,01 | 125,61 |
| Evra | 84,13 | 84,61 |
| Dönsk króna | 11,303 | 11,369 |
| Norsk króna | 10,511 | 10,573 |
| Sænsk króna | 9,101 | 9,155 |
| Japanskt jen | 0,5064 | 0,5094 |
| SDR | 94,59 | 95,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,5367

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipa viðræðunefnd um strætó:

# Ríkið komi að rekstrinum

**SAMGÖNGUR** „Við göngum bjartsýnir til þessara viðræðna og vonumst til að ríkið taki vel í málaleitan okkar,“ segir Gunnar Einarsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH).

Samþykkt var að skipa viðræðunefnd við ríkið um þátttöku þess í kostnaði vegna almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu á stjórnarfundi SSH í gær. Þeir sem skipa nefndina eru Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, Lúðvík Geirsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þorbjörg H. Vigfúsdóttir, varaformaður stjórnar Strætó bs.

Þorbjörg bendir á að úti á landsbyggðinni séu rútuferðir og sérleyfisferðir niðurgreiddar: „Með tillögum okkar bendum við á að höfuðborgarsvæðið hefur ekki notið sama stuðnings og hin sveitarfélögin í þessum málum.“

Gunnar segir næsta skref vera að ná fundi með þeim ráðherrum sem hafa almenningssamgöngur á sinni könnu. „Vonandi næst fundur áður en menn fara í sumarfrí og þá er tilgangurinn að gera ríkisvaldinu grein fyrir þessum rekstri og hvernig það gæti komið að honum.“ - ibb



**ALLIR MEÐ STRÆTÓ** Viðræðunefndin vill meðal annars að ríkisvaldið komi að rekstri tengileiða á höfuðborgarsvæðinu.

Samræmt átak fjölda þjóða:

## Umfangsmikil hvalatalning

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalatalning á hafsvæðinu í kringum Ísland hófst í gær. Talningin er á vegum Hafrannsóknastofnunar og erlendra samstarfsaðila, og stendur leiðangurinn yfir í einn mánuð. Þetta segir í tilkynningu sem Hafrannsóknastofnun sendi frá sér í gær.

Verkefnið er hluti af samræmdu átaki í hvalatalningum þar sem talið verður samtímis á svæði sem nær frá austurströnd Bandaríkjanna, Kanada, Grænlandi, Íslandi, Færeyjum, Noregi og Bretlandseyjum. Um er að ræða umfangsmestu hvalatalningu sögunnar. - sþs

Alcan bíður svars:

## Áttu annan fund í Ölfusi

**STÓRIÐJA** Fulltrúar Alcan funduðu hjá sveitarfélaginu Ölfusi í Þorlákshöfn í gær í annað sinn á fáum dögum. Væntanlegt svar Landsvirkjunar við ósk Alcan um framlengingu raforkusamnings gæti ráðið miklu um virkjana- og stóriðjuframkvæmdir í landinu á næstu árum. Alcan hyggur á sams konar fund á næstu dögum með ráðamönnum Voga vegna Keilisness.

Í fréttum Stöðvar tvö í gærkvöldi sagði Friðrik Sóphusson, forstjóri Landsvirkjunar, að líklega myndu samningsaðilar ræðast við eftir helgi. - ibb



**ARNOLD SCHWARZENEGGER** Ræðir loftslagsmál við Tony Blair. NORDICPHOTOS/AFP

Síðasti fundur Blairs:

## Ræðir loftslagsmál við Arnold

**BRETLAND, AP** Tony Blair mun funda með Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóra Kaliforníu, á sínum seinasta fundi sem forsætisráðherra. Umræðuefnið verður loftslagsbreytingar.

Blair og Schwarzenegger samþykktu að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þegar sá fyrrnefndi heimsótti Kaliforníu fyrir ári.

Gordon Brown, nýkjörinn leiðtogi Verkamannaflokksins, tekur við embætti forsætisráðherra af Blair á morgun. - sgj

# Víkingar sækja bætur vegna „blóðbaðs“

**Bardagahópur frá víkingafélaginu Rimmugýgi lenti í óvæntu blóðbaði í bardagasýningu hópsins á 17. júní. Tjón á búnaði upp á hundruð þúsunda vegna rauðrar málningar. Tökum þessu með heimspekilegri ró segir jarl Rimmugýgjar.**

**FÓLK** Sextán manna bardagahópur frá víkingafélaginu Rimmugýgi varð fyrir tjóni upp á hundruð þúsunda þegar listahópur á vegum Hins hússins sletti rauðri málningu yfir hópinn á meðan á bardaga stóð á þjóðhátíðinni. Tjónið verður bætt segir forstöðumaður Hins hússins.

Víkingahópurinn var ráðinn til að skemmta í miðbæ Reykjavíkur á þjóðhátíðardaginn, og var bardagi hópsins fléttaður inn í listviðburð frá Götuleikhúsinu, segir Helgi Ingason, talsmaður hópsins.

Hann segir að víkingunum hafi verið sagt af því að yfir höfðum þeirra myndi hanga mennskur órói, stúlkur frá Götuleikhúsinu, neðan úr krana og táknuðu stúlkurnar valkyrjur sem sveimuðu yfir vígvellinum.

„Ég varð var við það eftir að bardaginn hófst að það var verið að hella einhverju yfir okkur, og hélt fyrst að það væri vatn. Svo tók ég eftir að það var komið rautt á andlitið á mönnum og eitthvað í fötin, en gekk út frá því að þetta væri bara litað vatn eða eitthvað í þá áttina,“ segir Helgi. Annað hafi þó komið í ljós, og liturinn reynst vera vatnsleysanleg málning, sem ekki fór þó úr fötunum.

„Þetta er rándýr búnaður sem við erum með, og hefur ómetanlegt tilfinningalegt gildi í mörgum tilvikum,“ segir Helgi. Hann segir að af sextán manna hópi sem barðist þennan dag hafi aðeins tveir sloppið við blóðbaðið óvænta.

Mikill metnaður er lagður í fatnað og annan búnað víkinganna, allt er handgert og efni lituð upp á gamla mátann, auk þess sem mikið er notað af leðri. Helgi segir að Reykjavíkurborg hafi borgað fyrir þurrhreinsun á fatnaðinum, og liturinn hafi dofnað eitthvað við það, en búnaðurinn sé engu að síður blettóttur og ljótur.

Helgi segir að víkingarnir hafi ekki vitað af blóðbaðinu fyrr en það átti sér stað. „Fyrst og fremst vorum við sárir. Ég var mest reiður yfir því að það skyldi ekki hafa verið talað við okkur fyrirfram, því það er til fullt af efnum sem hægt hefði verið að nota sem ekki skemma fötin.“

„Við tökum þessu af heimspekilegri ró og treystum því að það verði leyst úr okkar málum,“ segir Hafsteinn Pétursson, jarl Rimmugýgjar. Hann segir að skemmdir á búningum víkinganna hljóði upp á hundruð þúsunda króna.

„Við gerum upp við víkingana ef það hafa orðið skemmdir,“ segir Markús H. Guðmundsson, forstöðumaður Hins hússins. „Við gerum þessi mál upp að víkingasið [...] og borgum það sem okkur ber.“ brjann@frettabladid.is







**VÍKINGARNIR Á 17. JÚNÍ** Félagar í víkingahópnum Rimmugýgi urðu fyrir tilfinnanlegu tjóni þegar listahópur Hins hússins hellti rauðri málningu yfir þá. Talsmaður listahópsins segir tjónið verða bætt.



**ÍSFJÖRÐURINN VIÐ ILULISSAT** Skriðjökullinn hefur hopað um 10 km á nokkrum árum og skríður æ hraðar í sjó fram. NORDICPHOTOS/AFP

Barroso á Grænlandi:

## Meiri aðgerðir gegn hlýnun

**GRÆNLAND, AP** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði í gær nauðsynlegt að gera meira til að vinna gegn hlýnun loftslags, eftir að hann heimsótti Grænland og var sýndur hinn hraðbráðnandi jökulís í Ísfirðinum við Ilulissat (Jakobshöfn) á vesturströndinni.

Barroso og danski forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen skoðuðu jakana sem brotna óðum af jöklinum sem gengur æ hraðar fram. Vísindamenn segja að 35 rúmkílómetrar af ís brotni nú árlega af jöklinum á þessum stað.

„Við verðum að gera meira. Ástandið er mjög alvarlegt,“ tjáði Barroso Ritzau-fréttastofunni. - aa

Lýst eftir miðaldra hjónum:

## Fundust eftir tveggja daga leit

**LÖGREGLUMÁL** Miðaldra hjón úr Kópavogi, sem leitað hafði verið frá aðfaranótt laugardags, fundust í gærmorgun heil á húfi.

Hjónin fundust í sjálfheldu skammt frá skálanum við Emstrur á Fjallabaksleið syðri. Lögreglan á Hvolsvelli kom þeim til aðstoðar eftir ábendingu frá fólki sem heyrt hafði lýst eftir þeim.

Ekkert hafði spurst til þeirra síðan laust eftir miðnætti aðfaranótt laugardags. - sgj




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SUÐUR- OG VESTURLAND**

Vel horfir með veður á Suður- og Vesturlandi í dag og raunar næstu daga. Fremur hægar norðanáttir verða ríkjandi með björtu veðri í dag og á fimmtudag en á morgun gæti orðið skýjaðra, einkum austan til á Suðurlandi. Mun síðra veður er í kortunum fyrir austanvert landið. Vindasamar norðanáttir með skúraveðri einkenna þann landshluta næstu daga.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðan eða norðvestan 5-8 m/s og yfirleitt bjart veður í dag. Hiti 12-16 stig að deginum.

*um hádegi »*



*» á morgun*



10- 15 m/s austan til annars 5-10 m/s.

*» fimmtudagur*



5- 10 m/s

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C skúrir | London | 17°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 16°C skúrir |
| Billund | 18°C skúrir | París | 16°C skúrir | Basel | 17°C skúrir |
| Osló | 22°C skúrir | Eindhoven | 16°C skúrir | Alicante | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 16°C skúrir | Algarve | 24°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 18°C skúrir | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Frelsi stöðvar tímann
3G sími á sumartilboði
Þú borgar bara fyrir fyrstu 3 mínúturnar en getur svo talað og talað fyrir 0 kr.
Fylltu á Frelsi með GSM símanum og njóttu þess að vera í gefandi samböndum í sumar.*
- 0 kr. mínútan eftir fyrstu 3 mínútur hvers símtals
- 0 kr. fyrir hvert skilaboð eftir 3 SMS eða 3 MMS innan sólarhringsins
Til að geta fyllt á Frelsi úr símanum þarftu bara að skrá debet- eða kreditkortið þitt einu sinni á Mínu Frelsi á siminn.is eða í verslunum Símans.
SONY ERICSSON K610i
1.900 kr.
Léttkaupsútborgun
1.500 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 19.900 kr.
*Tilboðið gildir innan kerfis Símans. Nánari upplýsingar um tilboð og skilmála er að finna á siminn.is/frelsi
800 7000 – siminn.is
Síminn
ENNEMM / SIA / NM28440

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú áhyggjur af stöðu íslenska þorskstofnsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Varst þú fastur í umferð á sunnudag?*

Segðu skoðun þína á visir.is. vísir

Hæstiréttur vísar aftur í hérað máli konu sem sakar fyrrum kærasta um hrottaskap:

# Ofbeldismál sent aftur í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur vísað aftur í hérað máli á hendur ungum manni sem gefið er að sök að hafa ráðist hrottalega á kærustu sína í október 2005. Maðurinn var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í desember síðastliðnum, en Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að slíkir annmarkar hafi verið á meðferð málsins í héraði að rétt sé að vísa því þangað að nýju.

Kærastan kærði manninn upphaflega í október 2005 fyrir að hafa ráðist á hana á göngustíg í Breiðholti eftir rifrildi þeirra í millum. Hún sagði hann hafa kippt henni niður aftan frá, rifið í hár hennar, dregið hana eftir göngustígnum,



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

hrækt á hana og ítrekað barið höfði hennar við jörðina. Hún hafi síðan komist undan við illan leik og upp í bíl til ókunnugs fólks.

Konan féll frá kærunni í júní í fyrra, þar sem hún hafði tekið aftur saman við manninn. Í september hætti hún síðan við að draga kæruna til baka.

Héraðsdómur komst að því að ekki væru fyrir hendi nægar sannanir til að sakfella manninn, sem kvað áverka konunnar til komna vegna þess að hún hefði ítrekað fallið á jörðina í áfengisvímu.

Hæstiréttur telur hins vegar að í héraðsdómi hafi mat á trúverðugleika stúlkunnar ranglega verið byggt á samanburði á frumskýrslu og læknisvottorði, þar eð hún hafi verið í miklu uppnámi þegar frumskýrslan var tekin. Einn dómara, Ólafur Börkur Þorvaldsson, skilaði sératkvæði og vildi sýkna manninn. - sh

Noregur og Evrópusambandið:

## Meirihluti andvígur aðild

**NOREGUR Af þeim sem afstöðu taka í skoðanakönnun, sem gerð var fyrir norsku dagblöðin Nationen, Klassekampen og Dagen, segjast rúm 48 prósent andvíg inngöngu Noregs í Evrópusambandið og tæplega 42 prósent fylgjandi.**

**Norðmenn hafa tvisvar hafnað aðild að sambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu, fyrst árið 1972 og síðast árið 1994.**

**Núverandi ríkisstjórn vinstriflokka undir forystu Jens Stoltenberg hefur inngöngu ekki á stefnuskránni að óbreyttu.** - aa

Ræningi handtekinn:

## Líktist Samuel L. Jackson

**BANDARÍKIN** Maður í Chicago var handtekinn á dögunum fyrir að líkjast leikaranum Samuel L. Jackson. Hann var ákærður fyrir vopnað rán eftir að 37 ára maður var rændur við hraðbanka og skorinn með hnífi. „Ræninginn leit út alveg eins og Samuel L. Jackson,“ sagði fórnarlambið við lögregluna.



SAMUEL L. JACKSON

Maðurinn fannst á nálægu gistiheimili eftir að öryggisvörður benti á að einn gestanna væri líkur leikaranum.

Annar gestur á gistiheimilinu sagði ræningjann ekki líkjast Samuel L. Jackson. „Hann er líkari Danny Glover.“ - sgj

**JAPAN**

### Abe óvinsæll

Meira en helmingur japanskra kjósenda er óánægður með frammistöðu ríkisstjórnar Shinzo Abe samkvæmt niðurstöðum tveggja nýrra skoðanakannana. Rúmur mánuður er í kosningar til öldungadeildar þingsins. Aðeins 36 prósent sögðust sátt við stjórnina.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ferðamaður sviptur ökuleyfi

Svissneskur ferðamaður var stöðvaður af lögreglu í Mosfellsbæ í gærmorgun. Hann mældist á 141 kílómetra hraða í Ártúnsbrekku. Hann var sviptur ökuleyfi og sektaður um 100.000 krónur.

### Margir óku hratt á Húsavík

Tuttugu og fimm manns voru kærðir fyrir hraðakstur á Húsavík um helgina. Sá sem hraðast keyrði ók á 141 kílómetra hraða og fékk 90 þúsund króna sekt fyrir. Tveir voru teknir ölvaðir undir stýri.

# Þrýst á um nýtt friðargæslulið til Darfúr

**Erindrekar fjölda landa og alþjóðastofnana komu í gær saman í París til að ræða aðgerðir til að bregðast betur við neyðarástandinu í Darfúr í Súdan. Kínverjar verjast kröfum um að þeir beiti áhrifavaldi sínu til að leggja hart að Súdanstjórn.**

**PARÍS, AP** Frönsk stjórnvöld gengu í gær fram fyrir skjöldu til að reyna að fá alþjóðasamfélagið til að reka af sér slyðruorðið í málefnum Darfúr-héraðs í Súdan. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði „þögnina drepa“, hneykslaðist á aðgerðaleysi heimsins yfir Darfúr og kallaði eftir stækkuðu og betur búnu friðargæsluliði.

„Skorturinn á ákveðni og athöfnum er óþolandi,“ tjáði Sarkozy fulltrúum 18 landa og fjölda alþjóðastofnana sem svöruðu kalli Frakklandsstjórnar og mættu til Parísar til að freista þess að fá einhverju áorkað í að binda enda á ööldina í Darfúr.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði að þar sem Súdanstjórn væri þekkt fyrir að ganga bak orða sinna yrði að halda alþjóðlegum þvingunaraðgerðum virkum, þrátt fyrir að hún hafi nýlega fallist á að fleiri friðargæsluliðar yrðu sendir til héraðsins. Erindrekar Kínastjórnar, sem talin er vera í aðstöðu til að hreyfa miklu í málinu gagnvart stjórnvöldum í Súdan, mæltu enn sem fyrr gegn alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og gegn áskorunum sem heyrst hafa um að Ólympíuleikarnir sem fram fara í Peking á næsta ári skyldu sniðgengnir vegna málsins.

Spurður af fréttamönnum hvort umsvif Kínverja í olíuiðnaði í Súdan aftraði Kínastjórn frá því að ganga hart að ráðamönnum í Kartúm sagði kínverski erindrekinn Liu Giujin: „Fyrir því er enginn fótur, það er rakalaust.“



**LAGT Á RÁÐ UM DARFÚR** Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri SÞ á ráðstefnunni í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy hét því að Frakkar myndu leggja 10 milljónir evra til viðótar til friðargæsluliðs Afríkubandalagsins. Hin mánaðargamla ríkisstjórn sem Sarkozy skipaði hefur gert lausn Darfúr-málsins að forgangsmáli utanríkisstefnu sinnar. Evrópusambandið heitir stórauknum mannúðaraðstoð.

Súdanstjórn var ekki boðið að senda fulltrúa á ráðstefnuna. Hún sagði hana geta torveldað frekar en auðveldað lausn.

Yfir 200.000 manns hafa látið lífið í Darfúr og tvær og hálf milljón manna hrakist á flótta síðan árið 2003, þegar uppreisnarmenn gripu til vopna gegn Súdanstjórn. Stjórnvöld eru sökuð um að hafa brugðist við með því að siga svonefndum janjaweed-sveitum araba á heimamenn, en því neitar Súdanstjórn. audunn@frettabladid.is

Hjúkrunarfræðingar efna til fjöldagöngu gegn umferðarslysum:

# Sýna samstöðu með fórnarlömbum

**FÓLK** „Sumarið er sá tími sem starfsfólk sjúkrahúsanna, lögreglan og prestar kvíða sem mest. Slysin gerast allt árið um kring en sumarið er sérstaklega þungur tími. Við viljum láta rödd okkar heyrast á þennan hátt,“ segir Soffía Eiríksdóttir hjúkrunarfræðingur en hún er í forsvari fyrir fjöldagöngu gegn umferðarslysum sem hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum efna til í dag klukkan fimm.

„Við fáum ekki tækifæri til að tjá okkur um einstök slys en í göngunni koma margar starfsstéttir saman og við ætlum að sýna samstöðu og minnast sjúklinga okkar, bæði þeirra sem létust og þeirra sem lifðu af,“ segir Soffía. Hún bendir á að þótt fréttist að einstaklingur sé kominn úr lífshættu eftir umferðarslys þá sé ferlið rétt að byrja hjá honum.

„Þetta eru þung spor fyrir fórnarlambið, fjölskylduna og starfsfólkið. Hvert umferðarslys snertir ekki bara þá sem eru í bílnum heldur hefur það margföldunaráhrif og því eiga mjög margir um sárt að binda vegna þessara slysa,“ segir Soffía og býður alla velkomna í gönguna í dag.

„Mjólkursamsalan býður upp á ís og Sjóvá ætlar að gefa okkur vatn og orkustangir í tilefni dagsins.“ - lbb



**SOFFÍA EIRÍKSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR** Gengið verður eftir gönguleiðum en ekki umferðargötum og vonast Soffía til að sjá sem flesta.

### GÖNGUM GEGN SLYSUM

**Stéttir sem taka þátt**

Sjúkraflutninga- og slökkviliðsmenn
Lögreglufólk
Læknar
Sjúkraþjálfarar
Sjúkraliðar
Prestar
Iðjuþjálfar
Starfsfólk sjúkrahúsanna
Sjúklingar og aðrir aðstandendur fórnarlamba

**Hvar og hvenær?**

Safnast verður saman við sjúkrabílamóttöku LSH við Hringbraut, Eiríksgötumegin og lagt af stað klukkan fimm. Gengið verður fram hjá Björgunarmiðstöðinni við Skógarhlíð og að þyrlupallinum við LSH í Fossvogi.





www.oryggi.is

**Prófaðu Heimaöryggi í tvo mánuði í sumar – ókeypis!**

Engin krafa er gerð um framhaldsviðskipti, gríptu því tækifærið núna. Tilboðið gildir til 15. júlí og er í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Himinn og haf / SÍA

**Hringdu í 530 2400 og kynntu þér málið!**



Sumarbónus
Launamiðans
Þú getur unnið milljónir í launahækkun
eða átt von á glæsilegum aukavinningum.
Launamiðinn
HAPPA ÞRENNAN
EIN MILLJÓN STRAX
Ef sama fjárhæðin birtist þrisvar færðu hana í vinning.
100.000 KR Á MÁNUÐI NÆSTU 10 ÁR
Ef þú færð færð þú 100.000 kr. á mánuði skattfrjálst í 10 ár. Ef sama fjárhæðin birtist þrisvar færðu hana í vinning.
Kr. 200
Skafðu hér og þú getur unnið milljón strax!
Skafðu hér og þú getur unnið 100.000 kr. á mánuði næstu 120 mánuðina. Alls 12 milljónir skattfrjálst!
Ef þú færð ekki vinning skefur þú hér og slærð inn númerið á www.hhi.is og ferð í lukkupottinn.
Drögum um fjölda aukavinninga í júní, júlí, ágúst og september. Sjá nánar á www.hhi.is
Fullt af glæsilegum aukavinningum í boði fyrir þá sem taka þátt:
• Sólarlandaferð með Úrval Útsýn
• Borgarferð með Úrval Útsýn
• Flug innanlands með Flugfélagi Íslands
• Gisting fyrir tvo á Hótel KEA
• Leikhúsmiðar í Borgarleikhúsið
• Leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar
• Kvöldverður á Einari Ben
• Ísveisla frá Kjörís
• Bíómiðar í Háskólabíó
• Launamiðar
Fáðu þér Launamiða í næstu sjoppu, bensínstöð eða verslun og gerðu sumarið eftirminnilegt.
Kjörís
KEAHOTELS
Einar Ben RESTAURANT
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
BORGARLEIKHÚSIÐ
HÁSKÓLABÍÓ
HAPPA ÞRENNAN

BRJÖMS-
NJUMS-
BRRÖMS-
BRÖMS-
SNJÖMM-
... AHHH!




ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 37644 06/07

Á kexmáli þýðir þetta: úrvalsgott súkkulaði, hafrar, hveilhveiti og unaðslegt bragð.

Hob-Nobs er nefnilega eina kexið sem talar!

Ungir sjálfstæðismenn í Hafnarfirði spiluðu póker til að mótmæla úreltum lögum:

# Sambærilegt við briddsmót

**LÖGREGLUMÁL** Stefnir, félag ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, stóð fyrir pókermóti síðastliðinn laugardag. Á mótið buðu þeir tuttugu flokksmönnum til að spila póker með sambærilegu fyrirkomulagi og á pókermóti sem lögreglan stöðvaði fyrir skömmu.

Tilgangurinn með pókermótinu var að mótmæla úreltum lögum sem virðast gera upp á milli spilategunda, segir Kristján Valgeir Þórarinsson, formaður Stefnis. Hann segir fyrirkomulagið hafa verið eins að flestu leyti og á golf- og briddsmótum, enda um sambærilegt mót að ræða.

Hann segir að hver þátttakandi hafi lagt 1.500 krónur í pott, og spilað hafi verið upp á spilapeninga. Þeir sem dottið hafi út á fyrsta klukkutímanum hafi getað keypt sig inn aftur. Þannig hafi safnast samtals um 35 þúsund krónur, sem hafi farið óskiptar í verðlaun.


**PÓKERMÓT** Potturinn var um 35 þúsund krónur á pókermóti Stefnis á laugardag, og skiptist hann milli þriggja efstu þátttakandanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Lögreglan stöðvaði pókermót þar sem 150 spiluðu fyrir rúmri viku og yfirheyrði forsvarsmann þess. Kristján segir engan hafa verið yfirheyrðan vegna mótsins og lögreglan hafi ekki haft afskipti af því. Þetta er annað pókermót Stefnis en mót sem haldið var í mars hafi ekki vakið mikla athygli.

Að sögn lögreglu hefur engin ákvörðun verið tekin um ákæru vegna stóra pókermótsins. Ákærusvið lögreglu höfuðborgarsvæðisins hefur það til umfjöllunar. **- bj**

Hugarfarsbreytingu þarf í samfélaginu, segir verkefnastjóri Umferðarstofu:

# Alvarleg slys miklu fleiri í ár

**UMFERÐ** Alvarleg umferðarslys voru sextíu prósentum fleiri á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Hlutfallsleg aukning alvarlegra slasaðra er svipuð. Á móti kemur að færri banaslys hafa orðið í ár en á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2006.

Umferðarstofa hefur tekið saman tölur yfir umferðarslys það sem af er árinu, miðað við fyrri ár. Þegar öll slys eru tekin með í reikninginn eru þau aðeins færri á þessu ári en á sama tíma í fyrra. Alvarleg slys eru hins vegar miklu fleiri.

Sigurður Helgason, verkefnastjóri Umferðarstofu, segir enga augljósa skýringu á þessari aukningu, en hún tengist bæði hraða og notkun öryggisbúnaðar. „Ölvunarakstur hefur aukist, og það er eitthvað sem hefur mikil áhrif.“


**BÍLSLYS** Fimmtíu og tveir slösuðust alvarlega á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. Á sama tíma í fyrra voru þeir þrjátíu og þrír. Myndin er úr safni.

Hann segist ekki hafa góða tilfinningu fyrir sumrinu miðað við þessar tölur. „Til að laga þetta þarf hugarfarsbreytingu í samfélaginu. Lögreglan stoppar þetta ekki ein, það þarf líka að upplýsa fólk um eðli og afleiðingar hraðaksturs.“

Þrjú ungmenni slösuðust alvarlega á dögunum þegar bíll þeirra skall á húsi Hamborgarabúllunnar við Geirsgötu. Þau eru á batavegi. **- sþs**

Háaleitis-, Bústaða- og Fossvogshverfi:

Hreinsunardagur 30. júní




SAMRÁÐSFUNDUR UM HREINSUNARDAG

**Í kvöld, þriðjudaginn 26. júní kl. 20.00 í Réttarholtsskóla**

Íbúar í Háaleitis-, Bústaða- og Fossvogshverfi eru hvattir til þess að mæta á fund í Réttarholtsskóla þar sem starfsmenn borgarinnar kynna hreinsunardaginn. Þar förum við yfir hvernig staðið verður að verki og hvaða svæði og staðir koma við sögu í átakinu. Allar ábendingar íbúa eru meira en vel þegnar.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA


Vnr 09 95 98
2 mg
Nicotinell
Mint 2 mg
12
ERTU BÚIN(N) AÐ DREPA Í?
MUNDU EFTIR NICOTINELL!
NICOTINELL MEÐ ÁVAXTA- OG MINTUBRAGÐI FÆST
Í HANDHÆGUM 12 STK. PAKKNINGUM
NICOTINELL HENTAR HVERT SEM ÞÚ FERÐ
Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.



**SKREYTTIR DISKAR** Gervihnattadiskar á svölum innflytjendablokkar í Amsterdam. Að frumkvæði listamanns í borginni hafa skólabörn verið fengin til að fegra diskana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hlutfall doktorsmenntaðra kennara við íslenska háskóla:

# Rokkar milli 10 og 100 prósenta

**MENNTUN** Samkvæmt nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er talsverður munur á menntun kennara við háskólana.

Í viðskiptafræði er hæst hlutfall doktorsmenntaðra kennara við Háskólann í Reykjavík (HR). Þar voru 65 prósent kennaranna með doktorspróf að meðaltali á árunum 2004 og 2005. Við Háskólann á Bifröst (HB) var hlutfallið 36 prósent, en Háskólinn á Akureyri er lægstur í samanburðinum. Þar reyndust 10 prósent kennara með doktorspróf. Hlutfall Háskóla Íslands (HÍ) var 61 prósent.

Miklu munar milli ára á menntun kennara við lagadeildirnar, eins og sjá má í töflu. HR bætir þar umtalsvert við sig af doktorsmenntuðum kennurum á kostnað hinna.

Í tölvunarfræði voru allir kennarar HÍ með doktorspróf miðað við 94 prósent kennara við HA og 39 prósent kennara við HR.

**LÖGSPEKINGAR VIÐ HÁSKÓLA 2003 TIL 2005**

| Skóli | 2003 | 2004 | 2005 | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|
| Hí | 18 | 13 | 11 | 14 |
| HB | 50 | 25 | 14 | 30 |
| HR | 17 | 25 | 50 | 31 |

Mælt er hlutfall doktorsmenntaðra kennara. Tölur eru í prósentum.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að ekki standi til að setja beinar kröfur um lágmarkshlutfall doktorsmenntaðra kennara. Hins vegar innihaldi ný háskólalöggjöf slíkar kröfur óbeint, til dæmis um doktorsnám.

„Ef skólarnir þurfa að útskrifa fleiri doktorsnema þá þurfa þeir auðvitað að hafa hærra hlutfall doktorsmenntaðra manna,“ segir hún.

Þetta sé hluti af auknum gæðakröfum ráðuneytisins. „Það verður fjölgun á doktorsmenntuðu fólki án þess að draga úr öðrum kröfum.“ **- kóþ**

Færeyskur fiskibátur:

# Gómaður við ólöglegar veiðar

**LÖGREGLUMÁL** Landhelgisgæslan stóð færeyskan fiskibát að ólöglegum veiðum á Kötlugrunni um helgina. Skipinu var vísað til hafnar í Þorlákshöfn. Þegar þangað var komið var skipstjórinn færður til yfirheyrslu hjá lögreglunni á Selfossi, að því er kemur fram í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni.

Skipstjórinn var látinn leggja fram tryggingu sem nemur andvirði aflans og hugsanlegri sekt, áður en skipinu var leyft að halda úr höfn.

Framhald rannsóknar málsins er í höndum lögreglustjórans á Selfossi. **- sþs**






# Ætlar í einkamál til að fá Diddu bætta

**Ákæru á hendur manni sem sakaður var um að skjóta heimiliskött með riffli var vísað frá vegna formgalla. Hann hefur verið ákærður að nýju fyrir að skjóta af rifflinum, en ekki fyrir að skjóta köttinn. Eigandinn hyggst höfða einkamál.**

**DÓMSMÁL** Kristinn Kristmundsson, sem missti læðuna Diddu í fyrrasumar þegar sjötugur nágranni hans skaut hana af svölunum hjá sér á Egilsstöðum, hyggst höfða einkamál á hendur manninum til að fá læðuna bætta. Máli ákæruvaldsins á hendur manninum var nýverið vísað frá dómi vegna formgalla.

Nú hefur ákæruvaldið ákært manninn að nýju, en einungis fyrir að skjóta af rifflinum. Maðurinn er ekki lengur ákærður fyrir að skjóta köttinn þar sem ekki þótti líklegt að hann yrði sakfelldur fyrir það.

„Auðvitað fer ég í einkamál ef það er ekki drepinn fyrir mér hálfrar milljónar króna köttur. Maður dregur ekki hálfa milljón upp úr vasanum,“ segir Kristinn, sem rekur myndbandaleiguna Vídeófluguna. „Það vita allir að hann gerði þetta. Hann játaði að hafa skotið að kettinum.“

Kristinn fann köttinn alblóðugan á ganginum heima hjá sér. Að því er fram kemur í dómnum leiddi krufning í ljós að sár kattarins væri líklega skotsár, eftir kúlu út sam skonar byssu og ákærði átti. Nágranninn viðurkenndi við yfirheyrslur að hafa skotið af svölunum heima hjá sér í átt að ketti, en vildi ekki kannast við að sá köttur væri umrædd Didda.

Framhaldsákæra var gefin út í málinu vegna ágalla á fyrstu ákæru. Útgáfa framhaldsákærunnar fullnægði hins vegar ekki reglum um slíkar ákærur og var málinu því að endingu vísað frá.

Nú hefur verið ákært að nýju en í þetta sinn er ekki ákært fyrir eignaspjöll og brot á dýraverndunarlögum eins og í fyrri ákærunni. Lárus Bjarnason, sýslumaður á Seyðisfirði, segir það vera vegna þess að í réttarhöldunum sem þegar hafa farið fram hafi honum orðið ljóst að líklega fengist maðurinn ekki sakfelldur fyrir þau brot. „Það voru engin vitni að þessu. Útlit kattarins er ekki ljóst né í hvaða átt hann hljóp eftir skotið. Ég mat það þannig að það fengist aldrei sannað að akkúrat þetta skot hefði drepið akkúrat þennan kött.“



**KRISTINN OG DIDDA Á GÓÐRI STUNDU** Kristinn segir það hafa verið líkast því að missa barn þegar Didda var drepin síðasta sumar.

„Fólk sópast að til að styðja mig í þessu,“ segir Kristinn. Hann segist hafa misst annan kött fyrir hálfum mánuði. „Ég sendi hann suður í krufningu og borga 30 þúsund fyrir skoðunina. Dýralæknirinn segir mér að honum finnist skítalykt af því líka.“ Hann segist forðast samskipti við nágrannann og sé að íhuga að setja upp myndavélakerfi til að vernda köttinn sem hann á núna.

stigur@frettabladid.is




## HVER ER ÞÍN ÍÞRÓTT? - SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

- FIMLEIKAR
- RINGÓ
- PÚTT
- LÍNUDANS
- GOLF
- STRANDBLAK
- GÖTUHLAUP
- TENNIS
- SPARKVALLABOLTI
- HJÓLREIÐAR
- BOCCIA
- FRISBÍGOLF



Slakað á eftir erfiðan leik í strandblaki.

# Keppu í strandblaki!

**Nú hefur þú tækifæri til þess að láta drauminn rætast og keppa á Landsmóti - strandblaki eða einhverri af ofangreindum keppnisgreinum. Kynntu þér málin á heimasíðu okkar og skráðu þig í dag.**



Toyota Corolla bifreið

ICELANDAIR SPK

10 flugferðir með 20.000 gjaldeyri

Coca-Cola

Gjafakörfur frá Vífilfelli

## Ef þú vinnur ekki til verðlauna getur þú samt unnið glæsilega vinninga í happdrætti Landsmótsins.

Nú er skráning í fullum gangi á landsmót UMFÍ en keppni í ofantöldum greinum er öllum opin. Allir keppendur fá happdrættismiða en þar verður dregið úr glæsilegum vinningum m.a. Toyota Corolla, 10 utanlandsferðum með gjaldeyri og gjafakörfum frá Vífilfelli. Landsmótið er fjögurra daga íþrótta-, menningar- og skemmtihátíð sem haldin verður í Kópavogi 5.-8. júlí.

## Skráðu þig núna!

http://landsmot.kopavogur.is

Landsmót UMFÍ - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla!

UMSK RÚMFATA LAGERINN BÓNUS BYKO Coca-Cola SPK TOYOTA

2007

LANDSMÓT UMFÍ

KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

# Sólskin og gleði í miðbænum

Veðrið lék við íbúa höfuðborgarsvæðisins í gær. Margt fólk lagði leið sína í miðborgina og naut veðurblíðunnar. Blaðamaður og ljósmyndari frá Fréttablaðinu fóru í miðbæinn og tóku stöðuna á mannlífinu.



**IÐNAÐARMENN Í PÁSU** Jón, Gunnlaugur og Sæþór tóku kaffitímann á Austurvelli. Þeir eru í óðaönn að skipta um glugga á Hótel Borg.



**EIR OG XAVIER** Voru í fríi og nutu sólarinnar óspart. „Maður verður að njóta sólarinnar þegar hún sést á himni," sögðu þau við blaðamann.



**VALDÍS OG SIGRÚN** Þær sögðust gjarnan nota tækifærið til að sleikja sólina þegar þær væru í fríi og veðrið væri gott.



**LIFANDI TÓNLIST** Hljómsveitin Tepokar spilaði hressa tónlist á Lækjartorgi fyrir þá sem áttu leið um torgið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**GEIR JÓN ÞÓRISSON** Yfirlögregluþjónninn var á röltinu um Austurvöll. Hann sagði lögregluna gjarnan rölta um bæinn og taka stöðuna á mannlífinu.



**ÚTFÖR WALDHEIMS** Hermenn standa heiðursvörð við útför Kurts Waldheim, fyrrverandi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og forseta Austurríkis, í Stefánsdómkirkjunni í Vínarborg um helgina. Waldheim lést 14. júní, 88 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tuttugu og tveir taldir af:

## Farþegavél fórst

**KAMBÓDÍA, AP** Leit stóð enn yfir í gær að flaki farþegaflugvélar sem hrapaði yfir frumskógi í suðurhluta Kambódíu á sunnudagskvöld með 22 menn innanborðs.

Vélin var á leið milli Siem Reap, þar sem hið fræga Angkor Wat-hof er, og borgarinnar Sihanoukville. Vélin var rússnesk, af gerðinni AN-24. Þrettán farþegar voru frá S-Kóreu og þrír Tékkar, fimm voru í áhöfn. - aa

NORÐUR-KÓREA

### Heita efndum

Norður-Kóreustjórn hét því í gær að hefjast tafarlaust handa við að efna fyrirheit um að loka kjarnaofninum í Yongbyon, þar sem efni í kjarnorkusprengjur hefur verið framleitt, í skiptum fyrir hjálpargögn. Áður hafði stjórnin staðfest að fé af erlendum bankareikningum sem lengi voru frystir hefði skilað sér.





Fjölhæfur eins og þú

Mercedes-Benz B-Class er hinn fullkomni fjölskyldubíll og býr yfir sveigjanleika sem fáir aðrir bílar geta státað af. Hann er ótrúlega rúmgóður miðað við hversu nettur og lipur hann er auk þess að vera kraftmikill, þægilegur og sportlegur, allt í senn. Hann er nefnilega fjölhæfur eins og þú og er bæði fáanlegur með bensín- og dísilvél.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

Sumartilboð Vildarþjónustunnar

Osló, Stokkhólmur og Gautaborg með Iceland Express aðeins 19.900,- með sköttum

Tilboðið er bókanlegt frá 15. - 30. júní og er ferðatímabilið 15. - 15. júlí

www.spar.is

Iceland Express

SPARISJÓÐURINN Vildarþjónusta

BLUE LAGOON ICELAND

Bláa Lónið – Gönguferðir með leiðsögn

Bláa Lónið í samvinnu við Leiðsögumenn Reykjaness býður upp á daglegar gönguferðir klukkan 10.00 tímabilið 1. júní–31. ágúst.



Orkuríkt umhverfi Bláa Lónsins, jarðfræði og saga er meðal þess sem þátttakendur í daglegum gönguferðum munu kynnast. Ferðirnar hefjast við Bláa Lónið þaðan sem gengið er að lækningalindinni. Gengið er að Þróunarsetri og að orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Gangan endar í Bláa Lóninu.

Gönguferðin tekur um eina og hálfa klukkustund. Mælt er með gönguskóm og hlýjum fatnaði. Verð: 1.000 kr. Miðar eru seldir í gestamóttöku Bláa Lónsins.

www.bluelagoon.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8,279 **+0,51%**

**Fjöldi viðskipta:** 604
**Velta:** 8.599 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FØROYA BANKI** | 2,00% | **ATLANTIC PETROL.** | 5,78% |
| **STRAUMUR-BURÐA.** | 1,64% | **CENTURY ALUM.** | 1,30% |
| **ATORKA** | 1,24% | **TEYMI** | 0,60% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,74 +1,08% ... Actavis 89,50 +1,13% ... Alfesca 5,17 +0,78% ... Atlantic Petroleum 1.060 -5,78% ... Atorka 8,18 +1,24% ... Bakkavör 69,70 -0,43% ... Eimskipafélagið 39,70 -0,50% ... FL Group 29,80 +0,51% ... Glitnir 28,75 +0,35% ... Kaupþing 1.114 +0,54% ... Landsbankinn 38,40 +0,39% ... Marel 85,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,65 +1,64% ... Össur 110,00 +0,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hlutabréf gefa ekkert eftir

**Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 29 prósent og nálgast spár bankanna fyrir allt árið.**

Hlutabréfamarkaðurinn heldur áfram að hækka en Úrvalsvísitalan náði nýju hámarki í gær í 8.279 stigum. Frá áramótum hefur vísitalan hækkað um 29,1 prósent og styttist óðfluga í það að hún hafi hækkað tvöfalt meira en allt árið í fyrra.

Greiningardeildir viðskiptabankanna spáðu því fyrr á árinu að árshækkun Úrvalsvísitölunnar yrði á bilinu 30-37 prósent. Það jafngilti því að vísitalan stæði í 8.333-8.782 stigum um næstu áramót.

Í Vegvísi Greiningardeildar Landsbankans er bent á það að Úrvalsvísitalan hafi sýnt betri ávöxtun en flestar helstu hlutabréfavísitölur heims. Þýska DAX-vísitalan kemst næst þeirri íslensku með um 20,3 prósenta hækkun á árinu.

**ÚRVALSVÍSITALAN OG SPÁR UM ÞRÓUN HENNAR Í ÁR**

| | Gildi | Árshækkun |
|---|---|---|
| Úrvalsvísitalan | 8.279 | +29,1% |
| Spá Glitnis | 8.782 | +37,0% |
| Spá Kaupþings | 8.500 | +32,6% |
| Spá LÍ | 8.333 | +30,0% |

Gengi tólf félaga hefur hækkað um fimmtung eða meira það sem af er ári. Hlutabréf í færeyska olíuleitarfyrirtækinu Atlantic Petroleum hafa rokið upp um 92 prósent en Vinnslustöðin kemur skammt á hæla þess með tæplega 89 prósenta hækkun.

Krónan veiktist um 0,98 prósent í gær. Greiningardeild Kaupþings spáir því að yfirtaka Novators á Actavis geti stutt bæði við krónuna og hlutabréfamarkaðinn á næstunni þar sem greitt verður fyrir bréfin í evrum. Samkvæmt áætlunum Kaupþings gætu allt að sjötíu milljarðar króna streymt aftur inn á markaðinn. - eþa

## Bretar taka bréf í Eimskip

Hf. Eimskipafélag Íslands greiðir rúma 3,7 milljarða króna fyrir 45 prósenta hlut í Innovate Holdings með útgáfu nýs hlutafjár í félaginu. Alls er um að ræða um 83,1 milljón hluta að nafnverði á genginu 45. Á Eimskip Innovate að fullu.

Fyrri eigendur í Innovate, þeir Stephen Dargavel, Stephen Savage og Pete Osborne, fara þar með í hóp stærstu hluthafa í Hf. Eimskipafélaginu en alls nemur eignarhlutur þeirra um 4,43 prósentum. Þeir eru meðal helstu stjórnenda í Innovate sem er eitt stærsta fyrirtæki Bretlandseyja á sviði hitastýrðra flutninga. Rekur það þrjátíu vörugeymslur á ellefu stöðum á Bretlandseyjum.

Eftir að nýju hlutirnir hafa verið skráðir í Kauphöll Íslands nemur hlutafé Hf. Eimskipafélagsins um 1.876 milljónum króna. Markaðsvirði félagsins nemur því alls 74,5 milljörðum króna miðað við síðasta viðskiptagengi. - eþa

## Greiða ekki bónus

Japanski bílaframleiðandinn Nissan ætlar ekki að greiða framkvæmdastjórum fyrirtækisins bónus fyrir síðasta ár og undanfarin ár. Ástæðan er dræm sala á nýjum bílum undir merkjum Nissan og samdráttur hjá fyrirtækinu í fyrra, sem er sá fyrsti á sjö árum.

Carlos Ghosn, forstjóri Nissan, sagði á hluthafafundi fyrirtækisins í Tókíó í vikunni að ákvörðunin sýni að yfirstjórn fyrirtækisins beri ábyrgð á slöku gengi fyrirtækisins upp á síðkastið. „Við tökum ábyrgð okkar alvarlega," sagði hann á fundinum en bætti við að árið lofaði góðu fyrir Nissan og reikni hann með að hagnaðurinn aukist um fjögur prósent. Að hans sögn felst hluti hagnaðarins í þróun á umhverfisvænni tækni og smíði ódýrra og sparneytinna bíla á Indlandi. - jab

## Nýr stjóri í brúnni

Nýr forstjóri hefur verið ráðinn til danska skiparisans A.P. Möller-Mærsk en Jess Søderberg, núverandi forstjóri, ákvað í vikunni að hætta störfum fyrr en áætlað var.

Ákvörðun Søderbergs kom á óvart, ekki síst þar sem hann hafði nýverið sagst ætla að starfa hjá skiparisanum í tvö ár í viðbót. Hann er 62 ára og hefur starfað hjá Mærsk í 37 ár, þar af í 14 ár sem forstjóri fyrirtækisins.

Nýi forstjóri skipafélagsins heitir Nils Smedegaard Andersen og hefur stýrt danska bjórframleiðandanum Carlsberg síðastliðin sex ár. Hann er ekki með öllu ókunnur Mærsk því hann hefur setið í stjórn fyrirtækisins síðastliðin tvö ár. - jab




Nám til löggildingar
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala
Kynningarfundur 27. júní

NÁM TIL LÖGGILDINGAR

Kynningarfundur á námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala verður haldinn miðvikudaginn 27. júní kl. 12:15-13:00 hjá Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7.

Skipulag námsins verður kynnt og sitja kennslustjóri og verkefnastjóri fyrir svörum.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ferðasumarið er hafið með kostum þess og alvarlegum afleiðingum.

## Baráttan fyrir ábyrgum akstri

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Ferðasumarið er hafið. Á það var rækilega minnt þegar langar raðir bifreiða mynduðust á umferðaræðunum til og frá höfuðborginni, fyrst út úr bænum á föstudag og svo aftur inn í bæinn á sunnudag.

Þegar komið er fram á þennan árstíma er ekki laust við að maður andi léttar eftir hverja helgi þar sem umferðin hefur ekki tekið toll í mannslífum. Ástæða er til að gleðjast yfir því að fjöldi þeirra sem látist hefur í umferðarslysum á árinu er nú minni en í fyrra og vel undir meðaltali frá árinu 2002.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð því dag hvern slasast einhverjir í umferðinni og þeir eru nokkrir í hverri viku sem hljóta alvarlega áverka eða örkuml af völdum umferðaslyss.

Fjöldi slasaðra í umferðarslysum er mun meiri en í fyrra, hvort sem litið er á tölur um meidda, mikið eða lítið slasaða. Sérstaklega er aukning mikið slasaðra um nærri sextíu prósent miðað við sama tíma í fyrra hrikaleg staðreynd.

Ekki verður horft fram hjá því að hraðakstur, eða of hraður akstur miðað við aðstæður, er ein meginorsök umferðarslysa. Á þetta er aldrei nægjanlega oft minnt og mikilvægt er að baráttan fyrir ábyrgum akstri sé alltaf sýnileg, ekki síst á þessum árstíma þegar umferð ferðafólks um vegi landsins er mikil.

*Sérstaklega er aukning mikið slasaðra um nærri sextíu prósent miðað við sama tíma í fyrra hrikaleg staðreynd.*

Göngum gegn slysum er yfirskrift göngu sem ýmsir starfshópar sem koma að umferðarslysum standa fyrir í dag. Þessi hópur fólks þekkir betur en nokkrir aðrir alvarlegar afleiðingar slysa og sér sig knúinn til að minna á sig nú í upphafi ferðasumarsins. Framtak forsvarsmanna göngunnar er svo sannarlega lofsvert.

Ástæða er einnig til að fagna stafrænum myndavélum sem boðað er að settar verði upp á næstunni til að mæla hraðakstur á þeim stöðum á landinu þar sem algengast er að ekið sé of hratt. Myndavélarnar eru þannig úr garði gerðar að þær senda myndir af ökuföntunum beint til lögreglustjóraembættisins á Snæfellsnesi sem hefur tekið að sér að senda viðkomandi ökumönnum sektarmiðana. Vonast verður til að markmiðið, sem er að draga úr hraðakstri, náist.

Í baráttunni gegn ofsaakstri verður að beita öllum tiltækum ráðum. Reyndar virðast sektirnar einar í sumum tilvikum ekki hafa þann fælingarmátt sem gera mætti ráð fyrir. Til dæmis var það ekki raunin þegar sú sem þetta ritar var á leið norðan úr landi ekki alls fyrir löngu. Ekið var á 90 km hraða þegar bíll með tengivagni ók fram úr en hámarkshraða slíkra ökutækja er 80 km á klukkustund. Skömmu síðar var ekið fram á bílstjórann þar sem hin galvaska lögregla í Húnaþingi var að sekta hann. Í Norðurárdal ók svo sami bílstjóri ótrauður fram úr undirritaðri sem enn var á 90 km hraða. Engan langar að ímynda sér hvað þyrfti til að hafa áhrif á aksturslag slíkra ökumanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Meðgöngujóga og meðgöngusund í Mecca Spa, í allt sumar

Þessir áhrifaríku tímar fyrir verðandi mæður sameina kosti meðgöngujóga og meðgöngusunds. Jóga er fyrsta flokks líkamsrækt sem hentar konum einstaklega vel á meðgöngu.

Allar upplýsingar á heimasíðu Mecca Spa, www.meccaspa.is og hjá Maggý yogamedmaggy@simnet.is og í síma 821-7484

anda - finna - sleppa - slaka - njóta

MECCA SPA

Yoga með Maggý.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki beðið eftir ráðherra

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var staddur í Manchester þegar Gordon Brown tók við sem formaður breska Verkamannaflokksins. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Björgvin er viðstaddur landsfund Verkamannaflokksins, því hann var þar einnig árið 1997, árið sem flokkurinn vann stórsigur í þingkosningum og Blair varð forsetisráðherra og árið 2001. Eitthvað virðist það hafa verið erfitt fyrir ráðherrann að komast heim aftur, því vegna seinkunar á flugi frá Manchester var vélin til Íslands farin á sunnudagskvöld. Í gær leit svo út fyrir að það væri allt uppbókað frá London til Íslands þannig að spurning var að fljúga heim með millilendingu í Frankfurt.



### Ný viðskiptatækifæri

Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands í Svíþjóð, er á leiðinni til Albaníu í vikunni til að afhenda forsetanum þar trúnaðarbréf sitt. Auk þess að hitta forsetann mun Guðmundur hitta forsvarsmenn í albönsku athafnalífi. Ekki fyrir svo löngu var George Bush Bandaríkjaforseti þar á ferð, og dró þá helst til tíðinda að einhver úr hópi áhorfenda sem kom til að fagna forsetanum stal af honum úrinu. Það er kannski hægt að athuga með hvort ný viðskiptatækifæri í þessu eina fátækasta landi Evrópu felist í viðskiptum með árituð gullúr.

### Styður sína menn

Það getur ekki verið auðvelt að vera nýr óþekktur þingmaður. Fæstir taka þó sama stökkið og Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi til að kynna sig, en hann leikur nú „óþekkta þingmanninn" í auglýsingum fyrir SS-pylsur. Bjarni er ekki fyrsti framsóknarþingmaðurinn til að auglýsa fyrir fyrirtækið, en Guðni Ágústsson, þá landbúnaðarráðherra, lýsti dásemdum pylsunnar eftir að hafa bitið í 100 metra langa SS-pylsu.



svanborg@frettabladid.is

# Kraftmikil orkupólitík



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Í DAG | Orkumál

Nýr iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, hefur slegið afar áhugaverðan tón í umræðunni um nýtingu okkar Íslendinga á orkuauðlindum. Það er enginn vafi í mínum huga að eitt stærsta verkefnið í íslenskum stjórnmálum á þessu kjörtímabili verður að móta hér alvöru orkupólitík. Orkupólitík sem tekur mið af nútíð og framtíð, sem tekur mið af skynsamlegri nýtingu og náttúruvernd og tekur mið af uppbyggingu aukinnar fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Í áhugaverðu og frísklegu viðtali sem birtist við iðnaðarráðherra í Morgunblaðinu á sunnudag bendir hann á að orkulindir okkar eru auðvitað ekki ótakmarkaðar og því mikilvægt fyrir okkur að fara vel yfir það hvernig við nýtum þessar auðlindir. Hann dregur sérstaklega fram að eitt stærsta tækifærið blasi við í hátækni- og þekkingariðnaði, sem er markaðurinn fyrir netþjónabú á Íslandi. Ég tel að það sé afar áhugaverður kostur að líta til slíkrar uppbyggingar hér á landi.

### Netþjónabú - mengunarlaus stóriðja

Hér hefur iðnaðarráðherra hafið fyrir alvöru umræðu um uppbyggingu á mengunarlausri stóriðju hér á landi sem rekstur netþjónabúa svo sannarlega er. Það sem er ekki síst áhugavert við uppbyggingu netþjónabúa hér á landi er sú staðreynd að víða þar sem þau hafa verið rekin erlendis hefur byggst upp klasi hátæknifyrirtækja í kringum þau. Þetta fer því mjög vel saman við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að efla hátækniiðnað og sprotafyrirtæki á kjörtímabilinu og skapa með því kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt og útflutning íslenskra fyrirtækja. Auk þess sem þetta fellur vel að þeirri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að gera skýra áætlun um samdrátt í losun gróðuhúsalofttegunda. Samfylkingin hefur lengi verið með það á sinni stefnuskrá að auka veg hátækniiðnaðar hér á landi með öflugum stuðningi sem tekur mið af þörfum þessara fyrirtækja allt frá því að þau spretta upp í formi sprotafyrirtækja og þar til þau verða fullburða hátæknifyrirtæki. Umræðan um uppbyggingu hátækniiðnaðar fléttast því mjög saman við alla orkupólitík. Miðað við þá stefnumörkun sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og áðurnefndu viðtali við Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra er alveg ljóst að það eru spennandi tímar framundan í íslenskri orku- og atvinnupólitík. Og klingjandi klárt að stefnubreyting hefur orðið í iðnaðarráðuneytinu í þeim efnum.

### Vinstri grænir skila auðu

Heimsóknir forstjóra alþjóðlegra álfyrirtækja hingað til lands hafa vakið mikla athygli enda fengið mikla fjölmiðlaumfjöllun. Sýnir þetta okkur að eftirspurnin eftir orku á Íslandi er veruleg. Þingmenn Vinstri grænna hafa reynt að snúa þessum áhuga þessara fyrirtækja uppá ríkisstjórnina og haldið því fram að heimsóknir forstjóra álfyrirtækja sé merki um að stóriðjustefnan sé hér rekin af meiri krafti en áður. Þessir ágætu þingmenn hafa hins vegar þagað þunnu hljóði um þá einu stóriðju sem iðnaðarráðherra hefur ljáð máls á, nefnilega hinni orkufreku grænu stóriðju sem rætt er um hér að ofan. Vinstri grænir hafa skilað auðu í þeim efnum. Ég leyfi mér að ætla að það sé vegna þess að það henti þeim betur að reyna að þyrla upp moldviðri með rangindum í stað þess að koma inn í hina orkupólitísku umræðu með uppbyggilegum hætti. Þeim er vorkunn, þeir byggja jú tilveru sína á því að hér sé rekin gamaldagsstóriðjustefna. Raunveruleikinn er bara að verða allt annar eins og áðurnefnt viðtal við iðnaðarráðherra ber svo sannarlega með sér. Við erum á hraðri leið inn í nýja tíma.

### Sátt milli nýtingar og verndar

Hin nýja orkupólitík felur einnig í sér að ríkisstjórnin ætlar að koma á sátt milli nýtingar og verndar á náttúru Íslands. Hin nýja orkupólitík er skynsöm pólitík sem tekur mið af verndun náttúruperlna. Stefna ríkisstjórnarinnar er því alveg skýr. Ljúka á gerð rammaáætlunar fyrir árslok 2009. Niðurstaðan verður síðan lögð fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Þar til sú niðurstaða er fengin verða ekki gefin út ný rannsóknar- eða nýtingarleyfi. Háhitasvæðin verða tekin til sérstakrar skoðunar og verndargildi þeirra metin sérstaklega. Þá segir einnig í stjórnarsáttmálanum að gerð verði skýr áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum fer vel saman við áðurnefnda stefnumörkun um uppbyggingu hátækniiðnaðarins og er undirstaðan í hinni nýju orkupólitík. Gefur þessi góða byrjun ríkisstjórnarinnar góð fyrirheit um það sem koma skal. Nefnilega kraftmikla og nútímalega orkupólitík.

# Fagra Ísland - dagur fjögur

UMRÆÐAN

Umhverfismál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þegar Samfylkingin kynnti umhverfis- og virkjanastefnu sína undir yfirskriftinni Fagra Ísland var á það lögð áhersla að á komandi fimm árum yrði gert hlé á stóriðjuframkvæmdum á Íslandi. Á degi tvö í stjórnarsamstarfinu kom svo í ljós að álitamál varðandi Þjórsárver og Norðlingaölduveitu höfðu ekki verið til lykta leidd í stjórnarmyndunarviðræðunum. Ekki þótti það sérlega trúverðugt fyrir fólk sem gaf sig út fyrir að bera umhverfisvernd fyrir brjósti að láta Fagra Ísland sitja á hakanum í stjórnarmyndunarviðræðum.

En þar með var ekki öll sagan sögð því brátt rann upp þriðji dagurinn þar sem stefna Samfylkingarinnar gagnvart vorri fögru fósturjörð kom við sögu. Það var þegar gengið frá orkusölusamningi vegna nýs álvers í Helguvík þar sem skuldbindingar orkusala náðu aldarfjórðung fram í tímann. Ekki er vitað um neina tilburði af hálfu ríkisstjórnarinnar til að fá áformum um þessa stóriðjusamninga breytt og er það óhugnanleg vísbending um að stóriðjustefnan sé enn á fullri ferð.

Og nú er runninn upp fjórði dagurinn þar sem þjóðinni birtast öfugmæli Samfylkingarinnar um Fagra Ísland. Nú gegna þeir lykilhlutverki Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, og flokksbróðir hans í Samfylkingunni, Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar og alþingismaður. Samkvæmt staðhæfingum forstjóra Alcans, Michel Jacques, hafði bæjarstjórinn frumkvæði að því að bjóða Alcan að stækka álverið í Straumsvík með því að byggja á landfyllingu utan við gamla verið! Þannig yrði komist fram hjá niðurstöðu í lýðræðislegri kosningu í Hafnarfirði sem Samfylkingin segir nú að hafi bara snúist um deiliskipulag en ekki stækkun álvers!

Bókanir um þetta efni í bæjarráði Hafnarfjarðar eru þess virði að kynna sér. Þegar ég segi að stóriðjustefnan sé hér enn á fullri ferð kemur á mig hik. Getur verið að hún sé að færast í aukana? Ég held að flestum hafi ofboðið belgingurinn og hrokinn í fyrrnefndum forstjóra Alcans sem í heimsókn sinni hingað til lands telur sig þess greinilega umkominn að ganga yfir land og þjóð á skítugum skónum. Hann virðist skynja að í Samfylkingunni er engin fyrirstaða. Þess vegna spyr ég, hvað næst? Ég er farinn að kvíða fyrir hinum fimmta degi í fögru Íslandi Samfylkingarinnar.

*Höfundur er þingflokksformaður Vinstri grænna.*

# Formúla1 á Íslandi

## í Smáralind 26. júní










## FORMÚLU 1 ÖKUMAÐURINN NICO ROSBERG EKUR FULLBÚNUM WILLIAMS 2007 KEPPNISBÍL VIÐ SMÁRALIND 26. JÚNÍ

**Í TILEFNI FORMÚLUDAGSINS GEFST VIÐSKIPTAVINUM HAGKAUPA KOSTUR Á AÐ VINNA FERÐ FYRIR TVO Á FORMÚLU 1 Í SILVERSTONE Í BRETLANDI.**

Það eina sem þú þarft að gera er að koma og versla í Hagkaupum, setja nafn og símanúmer aftan á kassakvittunina og setja í merkta þátttökukassa í verslunum okkar.

Dregið verður úr þátttökuseðlum 25. júní og sigurvegari tilkynntur á Formúludeginum 26. júní, þegar Rosberg ekur alvöru formúlubíl sínum við Smáralind.

Bíllinn verður settur saman í Vetrargarðinum 25. júní.

Einstakt tækifæri til að upplifa hraðann, hávaðann og spennuna í Formúlu 1.

Fáðu eiginhandaráritun hjá Nico Rosberg og skoðaðu Williams bílinn í návígi.

Akstursleið er við suðvestur horn Smáralindar *(efra bílaplan).*

**DAGSKRÁ 26. JÚNÍ:**
16:00 – Undirbúningur fyrir akstur.
16:30 – **Fyrri sýnikappakstur.**
16:45 – Tilkynntur sigurvegari í Formúluleik Hagkaupa.
17:00 – Bíll til sýnis og Rosberg gefur áritanir.
18:00 – **Seinni sýnikappakstur.**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**RAGNHEIÐUR STEINDÓRSDÓTTIR LEIKKONA ER 55 ÁRA Í DAG.**



*„Mér fannst Eyjarnar breytast við gosið en nú finnst mér þær aftur vera orðnar svona óskaplega fallegar.“*

***Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona fæddist í Vestmannaeyjum 26. júní 1952. Þar sleit hún barnsskónum og dvaldi öll sumur fram á unglingsár hjá ömmu sinni, afa og öðru skyldfólki.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 26. JÚNÍ 1907**

## *Uppbygging þorps í Viðey*

Umfangsmiklar framkvæmdir hófust á austanverðri Viðey fyrir hundrað árum. Á tveimur árum spruttu þar upp tvær hafskipabryggjur, olíustöð, nokkur fiskverkunarhús, vöruhús, verslun, verbúð, 150 tonna vatnstankur að ógleymdum íbúðarhúsum. Allt var þetta á vegum Milljónafélagsins. Viðey var í nokkur ár ein umsvifamesta höfn landsins. Þar lögðust flutningaskipin að bryggju og þaðan var varningur fluttur á smærri skipum til Reykjavíkur. Auk þess var Viðey miðstöð stærsta útgerðarfélags landsins, Milljónafélagsins. Eyjan iðaði af lífi.

Milljónafélagið varð ekki langlíft. Það varð gjaldþrota árið 1914 en fiskvinnsla í Viðey hélt áfram á vegum Kárafélagsins til 1931. Á tímum þess félags varð þorpið fjölmennast er þar bjuggu um 140 manns. Eftir gjaldþrot Kárafélagsins dró úr mannlífi í þorpinu og á endanum fór það í eyði árið 1943.



**RÚSTIR Í VIÐEY** Enn sjást glögg merki um mannvirki þorpsins í eynni.

Í kvöld verður farin ganga um þorpið í Viðey undir leiðsögn Örvars B. Eiríkssonar, sagnfræðings og verkefnastjóra Viðeyjar. Lokaritgerð hans úr sagnfræðinni við HÍ hét einmitt Nú er orðið fátt í Viðeyjarsókn.

Viðeyjarferð kvöldsins hefst eins og þær flestar með siglingu úr Sundahöfn. Farið er kl. 19.15 og tekur ferðin um tvær klukkustundir. Leiðsögin er ókeypis en ferjutollur er 800 krónur fyrir fullorðna og 400 fyrir börn.

**MERKISATBURÐIR**

**1823** Katla gaus eftir 68 ára hlé og mikið hlaup kom úr Mýrdalsjökli svo jarðir í Mýrdal og Álftaveri stórspilltust.

**1905** Loftskeyti barst í fyrsta sinn til Íslands utan úr heimi. Það kom frá Englandi í móttökustöð að Rauðará í Reykjavík.

**1921** Kristján X, kom í heimsókn til landsins. Hann var þá konungur bæði Danmerkur og Íslands.

**1973** Eldgosinu í Heimaey lauk. Það stóð í fimm mánuði.

**1992** Síðasta brennivínsflaskan var framleidd hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og uppskriftin seld einkaaðilum. Flaskan er á Þjóðminjasafninu.

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og afi,*

**Einar S. Ólafsson**
framkvæmdastjóri, Háholti 6, Garðabæ,

andaðist á heimili sínu aðfaranótt föstudagsins 22. júní.

**Inga Jóna Andrésdóttir**
**Ásta Sigríður Einarsdóttir** **Finnbogi V. Finnbogason**
**Elínborg Einarsdóttir** **Örn Þórðarson**
**Inga Ólöf Sigurjónsdóttir** **Alexander Arndísarson**
**Alexander Dagur Finnbogason**
**Einar Auðunn Finnbogason**
**Ólafur J. Einarsson**
**Sjöfn Ólafsdóttir** **Eyjólfur Sigurðsson**
**Sigríður Williamsdóttir** **Andrés Guðmundsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hansína Ásta Stefánsdóttir**
Grenigrund 10, Selfossi,

lést sunnudaginn 24. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gissur Jensen**
**Stefán Jónsson** **Unnur Sigursteinsdóttir**
**Stefán Róbert Gissurarson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Axel Þór Gissurarson** **Ásdís Björg Ingvarsdóttir**
**Diðrik Stefánsson, Ásta Lilja Stefánsdóttir og Gísli Þór Axelsson.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Helga Gísladóttir**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, áður Kirkjuvegi 11, Reykjanesbæ,

lést 21. júní sl. Útför hennar verður gerð frá Lágafellskirkju fimmtudaginn 28. júní kl. 13.

Fyrir hönd fjölskyldu hinnar látnu.

**Hadda og Hafdís Guðmundsdætur.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Þór Kjartansson**
áður til heimilis að Garðarsbraut 35b á Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 24. júní.

**Hrafnhildur Jónasdóttir**
**Kolbrún Ragnarsdóttir** **Haukur H. Logason**
**Emil Ragnarsson** **Elín Jónasdóttir**
**Jónas Már Ragnarsson** **Sigríður Pétursdóttir**
**María Axfjörð** **Pálmi Þorsteinsson**
**Steinunn Friðgeirsdóttir**
**Arnaldur F. Axfjörð** **Kolbrún Eggertsdóttir**
**Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir** **Jóhann Gunnar Elísson**
**barnabörn og þeirra fjölskyldur.**

---

MATUR OG DRYKKUR: 60 ÁRA HEIMILISHJÁLP

# Hafði sterk áhrif á mataræðið

„Ég fletti bara upp í Helgu Sig.,“ hefur oft verið viðkvæðið í íslenskum eldhúsum gegnum tíðina. Þá hefur yfirleitt verið átt við bókina Mat og drykk eftir Helgu Sigurðardóttur húsmæðrakennara sem til hefur verið á velflestum heimilum. Sú bók er sextíu ára í ár. Tæpast hefur nokkur bók haft jafnmikil áhrif á mataræði þjóðarinnar því uppskriftir úr henni hafa mikið verið notaðar auk þess sem bókin gefur svör við ýmsum spurningum sem upp koma við heimilishald.

Helga Sigurðardóttir gaf reyndar út margar fleiri matreiðslubækur, til dæmis Bökun í heimahúsum, Jurtaréttir, Lærið að matbúa, Grænmeti og ber allt árið og Jólagóðgæti svo aðeins nokkrir titlar séu nefndir. Matur og drykkur náði þó langmestri útbreiðslu og var alls gefin út fimm sinnum. Hún er alhliða matreiðslubók þar sem sérstök áhersla er lögð á þjóðlega rétti en jafnframt kynntir nýir og framandi. Tvær síðustu útgáfur bókarinnar voru gerðar eftir lát Helgu. Húsmæðrakennararnir Anna Gísladóttir og Bryndís Steinþórsdóttir sáu um þær útgáfur og bættu við nokkrum köflum nýjum bæði vegna nýrra tækja sem komin voru til sögunnar við matargerð og aukins úrvals hráefnis á markaði.

Helga Sigurðardóttir fæddist á Akureyri árið 1904 og lést úr krabbameini í Reykjavík árið 1962. Því eru nú 45 ár liðin frá andláti hennar.

Í minningargrein eftir Steingrím J. Þorsteinsson prófessor standa þessi orð: „Helga Sigurðardóttir var fremur lág kona vexti en hnellin, fasmikil og hávær svo að sópaði að henni og kvað að henni hvar sem hún fór. ... En kjarninn, afltaugin, sem bar allt uppi og tengdi það saman var viljafesta, skapstyrkur, starfslund. Atorka hennar, einbeitni og ósérhlífni voru með fádæmum.“

Helga lauk kennaraprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Birgitte Berg Neilsen í Kaupmannahöfn árið 1926. Hún kenndi fyrst við Austurbæjarskólann í tólf ár en vorið 1942, fyrir 65 árum, tók hún við skólastjórn hins nýja Húsmæðrakennaraskóla Íslands og gegndi því starfi til 1961 er hún hætti vegna veikinda.

Bækur Helgu um ostarétti, frystingu, grænmetisrétti, kalda rétti og smurt brauð og fleira fjölbreytilegt fæði bera vott um að hún hafi verið fljót að aðlaga sig breytingum í þjóðfélaginu. Matur og drykkur var og er þó alltaf hin sígilda biblía íslensks eldhúss og minnisvarði um hugmyndaríka og skapandi manneskju.

gun@frettabladid.is



**HELGA SIGURÐARDÓTTIR, HÚSSTJÓRNARKENNARI OG MATREIÐSLUBÓKAHÖFUNDUR.** Mynd/úr bókinni Matur og drykkur 4. útgáfu.




**MATUR OG DRYKKUR HEFUR FYLGT ÍSLENDINGUM Í SEXTÍU ÁR.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Guðnýjar Jóhannsdóttur**
hússtjórnarkennara, Hraunbrún 21, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks kvenlækningadeildar Landspítala fyrir góða umönnun.

**Berent Sveinbjörnsson**
**Sveinbjörn Berentsson** **Auður Björgvinsdóttir**
**Jóhanna Berentsdóttir** **Dagur Jónsson**
**Hólmfríður Berentsdóttir**
**Jóhann Berentsson**
**og barnabörn.**

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.** Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**Fyrirlestur** um Morbus Méniére sjúkdóminn verður haldinn á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og Heyrnarhjálpar á morgun, miðvikudaginn 27. júní, í Valhöll að Háaleitisbraut 1 klukkan 17. Jonas Brännström, heyrnarfræðingur, verður með fyrirlestur um sjúkdóminn á ensku en hann vinnur nú að doktorsverkefninu sínu um Méniére við Háskólann í Lundi.



**Rúmfatalagerinn** er með mikið úrval af garðhúsgögnum á góðu verði. Í verslunum Rúmfatalagersins má einnig fá alls konar sessur í garðstólana auk þess sem hægt er að fá sérstök sessubox til að geyma sessurnar í þegar rignir.



**Upplýsingar** um hvaða efni eru í algengum matvælum má nú fá hjá Matís en þær eru í íslenska gagnagrunninum ÍSGEM. Þar má fá upplýsingar um allt að 45 efni í 900 tegund matvæla.


# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



Útsalan
hefst í dag
30 – 70%
afsláttur
FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201







Hrefna, sem æfir með KR, tryggði sér annað sæti í 50 metra baksundi á Alþjóðaleikum ungmenna og stefnir á Evrópumeistaramót unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ HÖRÐUR

# Ólíkt öllu sem ég hef reynt

***Hrefna Hörn Leifsdóttir, sundkona hjá KR, náði langt á Alþjóðleikum ungmenna.***

Hrefna Hörn Leifsdóttir, fjórtán ára, tók þátt í Alþjóðaleikum ungmenna sem haldnir voru hér um helgina. Hún var eini íslenski sundmaðurinn sem náði verðlaunasæti, með því að tryggja sér silfurverðlaun í 50 metra baksundi.

„Þetta var mjög skemmtilegt og miklu stærra heldur en ég bjóst við. Ólíkt öllu sem ég hef reynt," segir Hrefna og bætir við að fólksfjöldinn hafi verið ótrúlegur. Það er engum ofsögum sagt því 1.200 ungmenni frá 35 löndum mættu á leikana sem er stærsti íþróttaviðburður sem hefur farið fram hérlendis. Eru þeir jafn framt heimsins stærsta fjölgreinaíþróttamót fyrir börn og unglinga.

Ásamt gríðarlegu umfangi viðurkennir Hrefna að samkeppnin hafi verið hörð. Hún hafi sem betur fer mætt vel undirbúin á leikana. „Ég er búin að passa vel upp á mataræðið og svefninn. Svo lagði þjálfarinn áherslu á að ég væri vel úthvíld. Þess vegna synti ég ekki nema þrjá kílómetra á dag, í staðinn fyrir þessa fimm til sjö sem ég syndi vanalega. Það er nú ekki mikið. Stundum syndi ég allt að fjórtán kílómetrum á dag í fríum."

Hrefna segist þó strax í upphafi hafa sett sér raunhæf markmið og passað sig á að gera ekki of miklar væntingar. Það þýði lítið annað ætli maður sér að ná árangri, en óhætt er að segja að sú sálfræði hafi skilað sér.

Alþjóðaleikar ungmenna er aðeins eitt af mörgum mótum, sem Hrefna tekur þátt í á árinu. Framundan er Aldursflokkameistaramót Íslands á Akureyri og Evrópumeistaramót unglinga. Er Hrefna þess fullviss að reynslan af Alþjóðleikunum eigi eftir að koma henni að góðum notum.

*roald@frettabladid.is*



SUBWAY í fínu formi
JÚNÍ
Kafbátur mánaðarins
Grænmetis sæla
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í júní 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna
HjartaHeill
Faxafeni • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópav. • Hringbraut 121 • Spönginni Grafarvogi
Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi • Dalbraut 1 Akranesi
N1 Ártúnshöfða • N1 Borgartúni • N1 Hringbraut • N1 Reykjavíkurv. Hafnarfirði • N1 Mosfellsbæ




# Forðast allar öfgar

***Inga Kristjánsdóttir starfar sem næringarþerapisti en starf hennar gengur fyrst og fremst út á að bæta heilsu fólks með breyttu mataræði.***


Inga Kristjánsdóttir segir marga glíma við meltingatruflanir. Ástæðan er oft sú að ofneysla á ákveðinni tegund matar getur leitt til óþols fyrir henni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Undafarin ár hafa miklar breytingar átt sér stað varðandi meðvitund Íslendinga á heilsu og heilsusamlegu mataræði. Í öllum matvöruverslunum er hægt að fá sojamjólk og speltbrauð og meira að segja í Bónus eru sérstakar hillur sem innihalda aðeins lífrænar matvörur. Veitingahús sem bjóða upp á lífrænt grænmetisfæði eru líka orðin ansi mörg, enda fer þar saman lögmálið um framboð og eftirspurn.

Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti er meðal þeirra sem hafa sitt aðalstarf af því að beina fólki inn á réttar brautir hvað varðar mataræði og heilsu. Titilinn næringarþerapisti öðlaðist hún eftir þriggja ára nám við CET eða Center for Ernæring og Terapi í Kaupmannahöfn, en þar í landi er næringarþerapisti lögverndað starfsheiti.

Hún segir níu af hverjum tíu sem til hennar koma vera konur og vandamálin margs konar. Til að greina rót vandans leggur Inga fram spurningalista sem tekur á mataræði og lifnaðarháttum og út frá svörunum greinir hún svo vandamál hvers og eins.

Af þeim sem til hennar koma greinast margir með óþol fyrir ákveðnum matartegundum, en slíkt kemur oft upp þegar ofneysla á sér stað.

„Mjög margir hafa myndað óþol fyrir einhverri tegund matar og það kemur oft til af því að vörunnar hefur verið neytt í óhóflegu magni. Ef sömu matvöru er neytt dag eftir dag í langan tíma, jafnvel oft á dag, þá aukast líkurnar á því að hún valdi óþoli,“ segir Inga og bendir um leið á að mjólkuróþol sé mjög algengt víða um heim en það sé misjafnt hvað það er í vörunni sem veldur óþoli.

„Til dæmis eru Asíu- og Afríkubúar almennt með mikið óþol fyrir mjólkursykri, eða laktósa, en hér á Íslandi eigum við oft í vandræðum með að melta mjólkurprótein. Það hefur reyndar ekki verið gerð nein vísindaleg rannsókn á þessu, en stór hluti þeirra sem koma til mín bera öll einkenni þess að hafa óþol fyrir mjólkurpróteinum,“ útskýrir Inga, en einkenni slíks óþols lýsa sér meðal annars í mikilli slímframleiðslu í öndunarvegi, eyrnabólgum, meltingartruflunum og hósta.

Spurð að því hvort hún hafi orðið vör við að fólki þættu ráðleggingar hennar vera öfgar segist hún ekki beint hafa fundið fyrir því. „Ég reyni persónulega að forðast allar öfgar enda hef ég orðið vör við að það borgar sig heldur að gera lítið og sjá af því árangur en að henda fólki út í einhverja laug sem það ræður ekki við að synda í. Ég hef sjálf prófað að fara út í öfgar með hluti og reynslan kenndi mér að það skilar engum sérstökum árangri. Allar öfgar eru slæmar, sama í hvaða átt þær fara. Hins vegar er gott að finna hinn gullna meðalveg,“ segir hún að lokum.

**mhg@frettabladid.is**






























**Endurvinnsla.** Nú er hægt að fá stóra og margnota SORPU poka gefins á endurvinnslustöðvum og í Góða hirðinum. Þeir auðvelda flokkun á blaða- og auglýsingapappír annars vegar og fernum og sléttum pappa hins vegar.

# Sjöundi áratugurinn í nútímanum



Lisa Widén og Anna Irinarchos eru hönnuðurinn á bak við WIS-design.

***Falleg og hagnýt hönnun er einkennandi fyrir húsgagnalínu WIS-design.***

Skandinavísk hönnun hefur getið sér gott orð og nýtur mikilla vinsælda. Þar hafa Danir og Finnar helst verið í fararbroddi. Annars staðar í Skandinavíu er þó heilmargt spennandi í gangi. Sænsk hönnun er til dæmis í uppsveiflu. Hönnun þeirra er snyrtileg og hagnýt, ef svo má að orði komast. Hönnunarverk þeirra Lisu Widén og Önnu Irinarchos er gott dæmi þar um. Þær reka fyrirtækið WIS-design og hanna nútímalega gripi í anda sjöunda áratugarins og eru að byggja upp sína eigin vörulínu. *-keþ*



Standlampinn Dot er einnig framleiddur sem borðlampi.





Borðið heitir Tiptoe og loftljósið Proper. Lampinn og borðið er hannað til að nota saman.


MUSKOKA FURU STÓLAR

Nú getum við boðið þessa frábæru hönnun úr FURU






39,000,- kr
tvöfaldur stóll m/borði

Lene Bjerre

FEIM - Lenen Bjerre

Bæjarlind 6, Kóp. • s. 534 7470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16



nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT





ÞÚ HITTIR BEINT Í MARK ÞEGAR ÞÚ KAUPIR INNRÉTTINGU Í FRÍFORM

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins







Eldhúsinnréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

ELBA



Snaigė

Eldavélar · Ofnar · Helluborð · Viftur & háfar · Uppþvottavélar · Kæli- og frystiskápar

20% afsláttur af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Opið virka daga kl. 9-18
Sumarlokun á laugardögum



Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman.
Skrúfufrítt og smellt saman.



kr.8.530.-
viðbótareining kr. 6.369.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS



Hratt og örugglega
alla leið!

ups

www.express.is


# flutningar

ÞRIÐJUDAGUR 26. JÚNÍ 2007




NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES




Öflug
í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

**LYSING.IS // 540 1500**

# Ráð sem létta verkið

**Þegar kemur að flutningum er best að vera með allt þaulskipulagt. Annars tapast dýrmætur tími í vitleysu sem hægt hefði verið að komast fyrir með góðum ráðum, eins og þessum hérna:**

● Varist að vökva plönturnar rétt fyrir flutninginn. Þær verða mýkri og meiri hætta á að blöðin rifni af ef þær eru nývökvaðar.



● Föt sem hanga á herðatré flytjast mjög auðveldlega. Best er að taka fimm herðatré í einu, líma þau vel saman og steypa yfir þau svörtum ruslapoka.

● Komdu gæludýrunum fyrir í pössun á meðan á flutningnum stendur og þangað til þú ert búin(n) að koma þér fyrir.

● Fjárfestu í sellófanrúllu og notaðu hana til að pakka inn glervörunum svo þær brotni ekki. Sellófan er miklu hentugra en dagblaðapappír vegna þess að þú losnar við að þvo allt upp þegar komið er á nýja staðinn.

● Komdu þér upp litakerfi þannig að hvert herbergi í nýju íbúðinni hafi sinn lit. Þegar þú pakkar niður í kassa, merktu þá kassana og húsgögnin í litum eftir því hvert þau eiga að fara. Meðflytjendur þínir eiga eftir að verða fegnir að vita alltaf hvert á að setja hlutina.

● Þegar pakkað er niður, hafðu þá nauðsynlegustu hlutina saman í ferðatösku. Maður kemur sér ekki fyrir í nýrri íbúð á einum degi og til að losna við að þeysast milli kassa, til dæmis í leit að tannkreminu, er best að hafa allt á einum stað.

● Hafðu mat og drykk á boðstólnum fyrir fólkið sem hjálpar þér að flytja. Ekki er verra ef einhver á staðnum er með vöfflujárn og býður upp á heitar vöfflur.




Steindór Guðmundsson píanóflutningamaður er mjög reynslumikill þegar kemur að flutningi hljóðfæra enda hefur hann verið í faginu í þrjátíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Vandmeðfarnir flutningar

Steindór Guðjónsson hefur verið í píanóflutningum í þrjátíu ár og segir það mjög vandmeðfarið. „Píanóin eru auðvitað mjög þung svo við þurfum oft að nota kranabíl til að hífa þau upp á svalir eða inn um glugga,“ segir Steindór og bætir því við að þeim sé pakkað vel inn og borin með ólum. „Það þarf náttúrlega að passa að reka þau hvergi utan í því þau eru mjög viðkvæm. Oft eru þetta líka ættargripir svo það má ekkert koma fyrir.“

Spurður hvort hann hafi einhvern tíma lent í óþægilegum atvikum við píanóflutninga segir Steindór: „Einhvern tíma vorum við búnir að bera píanó upp á aðra eða þriðju hæð þegar við áttuðum okkur á því að við vorum í vitlausu húsi. Við vorum ekkert sérstaklega kátir þegar við uppgötvuðum mistökin.“

Erfiðustu reynsluna segir hann þó hafa verið þegar hann þurfti að fylgja píanói í krana upp á áttundu hæð. „Ég er alveg svakalega lofthræddur svo það var mjög ónotaleg tilfinning að standa í körfunni með píanóinu í þessari svakalegu hæð,“ segir Steindór og hlær. *-sig*

Aðalflutningar
Gleðilegt sumar! Öryggi alla leið




Verið velkomin að Skútuvogi 8
OPIÐ VIRKA DAGA TIL KL. 17.00 Föst. til kl. 16.00
Skútuvogi 8 • S. 581 3030 • Fax: 471 2564 • www.adalflutningar.is




ENNEMM / SÍA / NM28090

# Auðveldari flutningar í háhýsum

**Flutningur.is leigir út búslóðalyftur til að auðvelda flutninga og segir Stefán Kristjánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, að lyfturnar jafngildi mörgum mönnum í stigahlaupi með búslóðirnar.**

„Við erum búnir að vera með lyfturnar í tvö ár. Önnur er 28 metra löng og nær því upp á áttundu hæð húsa en hin er 56 metrar og við höfum notað þá viðmiðun að hún nái upp undir klukkurnar á Hallgrímskirkjuturni,“ segir Stefán og bætir því við að sú lengri hafi verið ein þriggja slíkra sem voru sérsmíðaðar í Berlín fyrir nokkrum árum. „Við náðum þessari og breyttum henni dálítið því hún var dregin eins og kerra en við smíðuðum undir hana bíl svo nú er hún bara eins og ökutæki.“

Stefán segir marga kosti fylgja því að nota búslóðalyfturnar og nefnir þar tímasparnað, færri flutningamenn og fleira. „Það náttúrlega munar miklu fyrir fólk að vera ekki að bera búslóðirnar sínar upp og niður stiga heldur bara út á svalir og þaðan er búslóðin komin í bílinn. Auk þess minnka líkurnar á skemmdum bæði á húsgögnum og stigahúsum,“ segir Stefán og bætir því við að húsin á Íslandi fari hækkandi og þá eigi slíkar lyftur fyllilega rétt á sér. *-sig*




**Búslóðalyftan hefur marga kosti í för með sér eins og minna slit á fólki og húsgögnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Flytjum allt milli himins og jarðar til og frá Snæfellsnesi

Nánari upplýsingar og verðtilboð sími 892 1817

Opnunartími skrifstofu: kl.8:30 til 12:00 og 13:00 til 16:00

Sími skrifstofu 430 8100. Fax 430 8101

RAGNAR & ÁSGEIR EHF.
STYKKISHÓLMI - GRUNDARFIRÐI - SNÆFELLSBÆ


LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA
PÓSTURINN
SÍMI 580 1000
HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA
LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA
PÓSTURINN



**Þorgeir Jóhannesson er rekstrarstjóri Geymslna í Garðabæ. Þar er boðið upp á einkageymslur í upphituðu húsnæði með mikilli öryggisþjónustu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Öryggi og ótakmarkaður aðgangur

Margir þekkja þann vanda að þurfa að finna búslóð sinni geymslustað ýmist vegna flutninga erlendis eða meðan beðið er eftir nýju húsnæði. Þorgeir Jóhannesson er rekstrarstjóri Geymslna í Garðabæ þar sem er 2.200 fermetra geymslurými.

„Við leigjum út geymslurými allt frá einum fermetra og upp úr en lágmarksleigutími er einn mánuður,“ segir Þorgeir. „Þessi kostur er nýr hér á landi því hjá okkur en mjög þekktur í Bandaríkjunum. Fólk leigir sér lokaða geymslu og fær lás og lykil og hefur síðan einkaaðgang að geymslunni sinni á opnunartímum fyrirtækisins,“ bætir hann við.

Þorgeir segir mun meira öryggi felast í geymsluþjónustu Geymslna því þar fái fólk einkageymslu í upphituðu húsnæði þar sem enginn raki er. „Við erum með brunavarnarkerfi, þjófavarnarkerfi, vatnsskynjara í gólfum, eftirlitsmyndavélar á göngum og fleira til að auka öryggið,“ segir Þorgeir og bætir því við að hitinn sé í gólfunum til að minnka hættuna á að vatn flæði um allt ef leiðslur skemmast.

„Það er líka mikill kostur að fólk hefur ótakmarkaðan aðgang að dótinu sínu hjá okkur hvenær sem er og getur geymt bókhald, búslóðir, bækur, vetrarvörur og hvað annað sem fólk þarf að geyma í lengri eða skemmri tíma,“ segir Þorgeir og bætir því við að Geymslur séu að opna nýtt 3.500 fermetra sérhannað húsnæði á Granda í haust.

*-sig*

# Búslóðinni pakkað í gám

**Búslóðaflutninga í skipagámi sem flytja á milli landa þarf að skipuleggja afar vel og vandlega. Áður en rokið er til og öllu hent í kassa sem á að flytja er mikilvægt að kynna sér nokkur atriði.**



**Gott skipulag skiptir öllu máli þegar búslóðinni er pakkað í gám.**

Byrjaðu á því að hafa samband við flutningsaðila og kynna þér hvernig þú átt að bera þig að og fáðu uppgefið verð á flutningnum, og ekki er verra ef þú veist nokkurn veginn hversu marga rúmmetra þú munt flytja. Því næst skaltu verða þér úti um innihaldslýsingu sem þarf að fylgja búslóðinni og koma þér upp merkingakerfi fyrir alla þá hluti sem þú flytur. Merkingakerfið getur til dæmis verið upphafsstafirnir þínir og svo númer á eftir. Þannig merkirðu hlutina hvern á eftir öðrum. Best er að verða sér úti um sterkbyggða kassa sem allir eru jafnstórir þannig að þeir raðist vel saman. Jafnvel er hægt að vera með tvær til þrjár ólíkar stærðir, en kassa er hægt að fá í búntum hjá Kassagerðinni.

Hafðu það hugfast að öllu þarf að pakka inn og merkja hvort sem það eru hjól, húsgögn eða rúm.

**ÖLLU PAKKAÐ:**

1. **Flokkaðu hluti** ofan í kassa, láttu til dæmis allar bækur saman, öll föt saman og allt eldhúsdót saman.

2. Hafðu það hugfast þegar þú pakkar að kassarnir geti orðið fyrir hnjaski þannig að þú skalt **pakka þétt í kassana** og nýta plássið vel og **láta ekkert hringla laust**.

3. Öllu **brothættu skaltu pakka í bóluplast** eða setja í kassa með frauðplasti.

4. **Fatnað skaltu setja í plastpoka** ofan í kassana, til að koma í veg fyrir að bleyta komist að þeim, eða jafnvel setja hann í plastkassa.

5. Þegar kassa er lokað skaltu líma vel allan hringinn og **láta límbandið krossa að ofan og á botninum**.

**Merktu kassann** með tilheyrandi númeri og merktu svo númerið og **innihaldslýsingu á kassanum** inn á innihaldslistann.

6. Kassana þarf að merkja með **nafni og heimilisfangi áfangastaðar**. Ef búslóðin fer með landflutningum áður en hún fer í skip getur verið að það þurfi að merkja heimilisfang skipaflutninganna.

7. Ef þú hefur tækifæri til að **raða í gáminn sjálf/ur** þá er það best. Nýttu plássið vel, raðaðu öllu þétt og sjáðu til þess að **allt sé vel fest**.


*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*



**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844



*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

# Sjálfsögð atriði gleymast

**Miklu skiptir að ganga frá öllum lausum endum fyrir flutninga og skila af sér húsnæðinu í góðu ástandi.**

„Meginreglan er sú að húsnæðið sé selt eins og það er og því má ekki gera breytingar á því eftir sölu,“ segir Viðar Böðvarsson, fasteignasali hjá Fasteignasölunni Fold, spurður um þá þætti sem hafa ber í huga við afhendingu húsnæðis.

„Annars vísa ég til kaupsamninga, þar sem helstu aðriði er talin upp á eftir þessari reglu,“ heldur Viðar áfram. „Þar stendur: Í eldhúsi skal vera eldavél, ofn og vifta. Baðherbergi fylgja föst tengi, innréttingar og tæki, svo og skápur yfir eða við vask. Múr og naglfastar uppistöður og hillur í geymslu.

Föst ljós og ljósakúplar í eldhúsi, baðherbergi og sér þvottahúsi og að minnsta kosti eitt perustæði í hverju herbergi. Eign skulu fylgja allar múr eða naglfastar innréttingar, spegilflísar, gluggatjaldastangir og -festingar, en ekki gluggatjöld. Þó fylgja rimla-, strimla- og rúllugluggatjöld ekki. Sjónvarpsloftnet og festingar í eigu seljanda fylgja. Í bílskúr fylgir fastur ljósabúnaður og rafknúnir hurðaopnarar, svo og fastar hillur og skápar.“

Viðar segir aðkomu að húsnæði skipta máli við afhendingu ekki síður en við sýningu. Allt sé gert svo húsnæðið virðist aðlaðandi. „Það þarf að vera þrifalegt og snyrtilegt, ekki síst inni á baðherbergjum. Svo er ekki verra að búið sé að lofta vel út. Mikilvægt er að láta húsnæði vekja jákvæð hughrif við skoðun og sjálfsagt er að þau haldi sér eftir sölu. Þetta virðast kannski sjálfsögð atriði og kannski er það þess vegna sem þau vilja gleymast.“ roald@frettabladid.is



**Viðar segir að mikilvægt sé að láta húsnæði vekja jákvæð hughrif við skoðun og sjálfsagt er að þau haldi sér eftir sölu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Engan dýragarð takk fyrir

Á heimasíðu Icelandair er farið yfir nokkur atriði, sem vert er að hafa í huga við flutning gæludýra á milli landa.

Sérstakt leyfi þarf fyrir flutning dýra í flugvél, nema þegar þau eru flutt á milli landa innan Skandinavíu.

Gæludýr eru bönnuð í farþegarými flugvéla og verður því að geyma þau í búrum í farrými. Ekki mega vera fleiri en fjögur búr í hverju flugi. Búrin verða að vera sterk, vatnsheld, hrein og sótthreinsuð.

Framvísa verður heilsu- og bólusetningarvottorði, innflutningsleyfi og öðrum skjölum, sem talin eru nauðsynleg í viðkomandi landi.

Nánar á www.icelandair.is/heim/studningur-leidsogn

## Flutningsþrif



Eitt stærsta verkið í flutningum eru þrifin. Skila þarf íbúðinni vel þrifinni og þá er ekki nóg að skúra bara gólfin. Þurrka þarf ofan af hillum og innan úr skápum. Sums staðar þarf jafnvel að þrífa loftin. Verkið getur tekið mikinn tíma og getur því verið gott að fá einhvern til liðs við sig. Nokkur fyrirtæki bjóða upp á þá þjónustu að þrífa húsnæði við flutninga. Verkið tekur yfirleitt einn dag. Best er að fá tilboð í verkið áður en hafist er handa. Einnig er ekki úr vegi að leita meðmæla frá þeim sem hafa fengið slíka þjónustu.


Vinningslið

Himinn og haf / SÍA



Söludeild TVG samanstendur af fólki sem býr yfir margra ára reynslu í flutningsmálum. Hún býður lausnir í flug- eða sjósendingum hvaðanæva að úr heiminum og passar upp á að finna alltaf öruggustu og hagkvæmustu leiðina með aðstoð samstarfsaðila erlendis. Söludeildin fagnar nýjum sigrum á hverjum degi og eins og ávallt hjá vinningsliðum ríkir þar mikil gleði sem skilar sér til ánægðra viðskiptavina.

Hafðu samband við rétta fólkið! Við finnum lausnina, hvort sem hún snýr að flugfrakt, sjófrakt, tollafgreiðslu eða útflutningi!

TVG-Zimsen ● Korngörðum 2 ● 104 Reykjavík ● Sími 5 600 700 ● www.tvg.is

TVG-ZIMSEN SÍÐAN 1894


„Fiskurinn minn
er á leiðinni!“
... á ferðinni fyrir þig
Í hverri viku eru hundruð tonna af ferskum fiski flutt með flutningabílum frá landsbyggðinni til Keflavíkurflugvallar og þaðan áfram á erlenda markaði. Flutningabílarnir eru ómissandi hlekkur í verðmætasköpun þjóðarbúsins. Við erum á ferðinni fyrir þig.
SVÞ
FLUTNINGASVIÐ
FRYSTIVARA
ssi hlið upp

Dalakur - Frjóakur - Gullakur - Góðakur

RE/MAX Torg

# Glæsileg einbýlishús

## Akralandi í Garðabæ












**OPIÐ HÚS KL.18:00-20:00 MIÐVIKUDAGINN 27.JÚNÍ**

**Til sölu falleg sérbýli fyrir þá sem gera miklar kröfur um hönnun og gæði**

**Stærðir 270m² - 450 m²**

### Skemmtileg hönnun

Húsin sem hönnuð eru af Haraldi S. Árnasyni hafa vakið mikla athygli enda hugsað fyrir hverju smáatriði og sérstakt tillit tekið til þæginda, notagildis og nútíma krafna kröfuharðra kaupenda. Kaupendur geta valið á úr 15 glæsilegum einbýlishúsum frá 270fm upp í 450fm. Hafðu samband við Lárus sölufulltrúa RE/MAX Torg til að skoða teikningar og veldu hús sem hentar þér.

### Frábær staðsetning

Akraland í Garðabæ er mjög eftirsóknarverður staður í miðju höfuðborgarsvæðisins. Akralandið í Garðabæ er í skjólsælli suðurhlíð þaðan sem stutt er í alla þjónustu s.s. verslanir, skóla og íþróttaðstöðu.. Lóðirnar sem húsin rísa á eru sérstaklega valdar út frá skjóli og afstöðu til sólar. Stutt er í fallegar gönguleiðir sem liggja við lækinn í Akralandi og út með ströndinni. Kynntu þér lóðirnar hjá RE/MAX Torg og veldu þá bestu fyrir þig.

### Afhending

Húsin afhendast fullbúin að utan og tilbúin til innréttinga að innan. Garður er tyrfður og með léttum trjágróðri. Einnig er hægt að semja um að fá húsin með fullfrágenginni heimkeyrslu og skjólpalli sé þess óskað. **Fyrstu húsin í til afhendingar í apríl 2007. Næstu hús verða til afhendingar í maí og júní 2007.**

## Hafðu samband núna

## 520 9585

HJ invest -gæði alla leið

RE/MAX Torg



Lárus Halldórsson
Sölufulltrúi
**GSM 862-5999**
larus@remax.is



Bergsteinn Gunnarsson
Löggiltur fasteignasali

*RE/MAX TORG // Garðatorgi 5 // 210 Garðabæ // s: 520-9595*

## ATVINNA

### Atvinna í boði

ÁSTÖÐINNI

**Afgreiðslustarf**
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi. Einnig vantar okkur starfsmann í hlutastarf á dag og kvöldvaktir. Upplýsingar í síma 820 0065 á milli kl:16 og 19 virka daga eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@internet.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir í bílstjórum og fólki í sal, kvöld- og helgarvinna. Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**okkur vantar**
**Vantar menn með reynslu í múrverk - við smíðar og handlang. Múr og Tré ehf. S. 856 6565 Einar.**

b5

Bankastræti

Vegna stækkunar vantar helgarstarfsfólk í eftirfarandi störf barþjóna, þjóna í sal, dyraverði og glasabörn. Umsóknir sendist á b5@b5.is

**Vélsmiðja í skipaþjónusu**
**Óskum eftir að ráða járniðnaðarmenn, vélvirkja og aðra starfsmenn. Tökum við nemum. Möguleiki á hlutastarfi. Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335.**

We are hiring cleaning staff for full time work in Reykjavik and neigbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for. Call Sherry at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.

Viltu vinna með skemmtilegu fólki? Hefurðu þjónustulund? Langar þig að vinna á litlum veitingastað og bar? Ef svo er, hafðu þá samband á Litla ljóta Andarungann Lækjargötu S. 849 5422.

N1

N1 óskar eftir að ráða bifvélavirkja til mótorhjólaviðgerða á þjónustuverkstæði félagsins að Funahöfða, Reykjavík. Um er að ræða allar almennar mótorhjólaviðgerðir sem og önnur tilfallandi störf á verkstæðinu. Æskilegt er að viðkomandi hafi próf í bifvélavirkjun, sé stundvís og búi yfir þjónustulipurð og samskiptafærni. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Finnbogason í síma 440 1240. Einnig er hægt að sækja um starfið á www.n1.is

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 897 4433 & 894 0292.**

**Bílstjórar óskast:**
**Pósthúsið óskar eftir duglegum bílstjórum í vinnu. Vinnutíminn er frá 8-16, allar nánari upplýsingar má finna á www.posthusid.is og í síma 585-8300.**

Stýrimann og annan vélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnotabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 853 2999 & 845 3480.

Bar 11 óskar eftir fólki á bar, dyraverði og glasabörn, 20 ára og eldri. Uppl. í s. 695 5676 Linda.

Bílstjóri óskast til útkeyrslustarfa ekki yngri en 19 ára. Kjöthöllin, Skipholt 70 s. 553 1270.

Veitingahúsið Kína húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfóllki í sal. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum eða s. 551 1014.

**Sumarstarf á Akureyri**
Vantar duglegt og áreiðanlegt fólk í vinnu við slátt á Akureyri strax. Verða að vera með bílpróf og geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 860 2971.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
**UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888**
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

## TILKYNNINGAR

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Bæjarskipulag Kópavogs boðar hér með til fundar með íbúum og hagsmunaaðilum, þar sem skipulagsáform um Nónhæð í Kópavogi verða kynnt.

Til umræðu í skipulagsnefnd Kópavogs eru hugmyndir Arkís arkitekta og KRark arkitekta f.h. lóðarhafa að deiliskipulagi á svæði, sem afmarkast af Foldasmára til norðurs, Smárahvammsvegi til austurs, Arnarnesvegi til suðurs og Arnarsmára til vesturs.

Skipulagsnefnd ákvað á fundi 19. júní sl. að halda fund með íbúum og hagsmunaaðilum um tillögurnar.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 28. júní 2007 kl. 17.30 í Smáraskóla.

Smári Smárason
Skipulagsstjóri Kópavogs.

## ATVINNA




## FASTEIGNIR

# EIGNIR ÓSKAST!

**Erum með ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignum:**

- Sérhæð (efsta hæð) í Rvk., eða Kóp. Allt að 40 millj.
- 4ra herb. í hverfi 104 allt að 30 millj. helst til uppgerðar.
- Lagerhúsnæði 100-150 fm í Garðabæ eða Hafnarfirði.

Frum

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Félag Fasteignasala



**Jón Bjarni Jónsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 896 1067**
jonbjarni@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
**GSM: 698 3600**
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

Félag Fasteignasala

# FASTEIGNAMARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Baldursgata 20 - 101 Reykjavík

**Mikið endurnýjuð 3ja herb. íbúð**

**Opið hús í dag frá kl. 17-19**

Frum





Mjög góð 83 fm íbúð á 2. hæð **íbúð 201**, þ.m.t. sérgeymsla á þessum eftirsótta stað í Þingholtunum. Íbúðin er mikið endurnýjuð og skiptist í hol með skápum, eldhús með nýlegum tækjum og góðri borðaðstöðu, rúmgóða og bjarta stofu, 2 herbergi og endurnýjað baðherbergi, mosaiklagt í gólf og veggi. Svalir til suðausturs úr stofu. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni.

**Sérbílastæði á baklóð. Verð 27,9 millj.**

***Íbúðin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17-19***
***Íbúð merkt 201 – Verið velkomin.***

## ATVINNA

# PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.

**Kraftafl ehf S: 840-1616**

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# Bókari óskast

**Óskum eftir bókara í 40% starf.**

**Reynsla skilyrði.**

Upplýsingar í síma: 690-7060.

## PRACA DLA RZEMIESLNIKA

Poszukujemy pracownikow do firmy zajmujacej sie produkcja i montazem poreczy i balustrad ze stali nierdzewnej, szkla oraz szklanych elementow jak drzwi itp. Wymagana znajomosc jezyka angielskiego lub islandzkiego. Firma w bardzo dobrej kondycji, zapewniamy wysokie zarobki dla dobrego pracownika. Tel. 533 3700, www.atlantskaup.is

ATLANTSKAUP

Bæjarflöt 6 • Grafavog • Reykjavik
tel.+(354) 533 3700 • fax+(354) 533 3701




SORPA
sorpa.is

FRÉTTABLAÐIÐ

## Taktu þátt

**Skilaðu blaðinu að lestri loknum til endurvinnslu í gám merktan pappír**

lesum skilum endurvinnum

# 30% AFSLÁTTUR

## Veldu dekkin hjá Max1

**Vertu í hópi ánægðra viðskiptavina. Komdu við á Max1. Kauptu ný gæðadekk. Takmarkað magn. Frábært verð. Núna.**

Verð í auglýsingunni eru með afslætti og miðast við 1 stk. - gildir til 29. júní.

NATURALIS

### ▶ NEXEN





| Sumardekk. Fólksbílar | |
|---|---|
| 155/80 R13 | 3.000 kr. |
| 165/65 R14 | 4.500 kr. |
| **Vetrardekk. Fólksbílar** | |
| Neglanleg | |
| 195/65 R15 | 6.500 kr. |
| 205/55 R16 | 9.500 kr. |
| **Heilsársdekk AT. Jeppar** | |
| 225/75 R15 | 7.800 kr. |
| 235/70 R16 | 8.900 kr. |
| **Heilsársdekk. Sendibílar** | |
| 195/70 R15 | 7.900 kr. |
| 225/70 R15 | 11.200 kr. |
| 195/65 R16 | 9.150 kr. |
| 205/65 R16 | 9.600 kr. |
| 215/65 R16 | 9.900 kr. |
| 225/65 R16 | 12.600 kr. |

### ▶ PIRELLI



| Sumardekk. Fólksbílar | |
|---|---|
| 175/70 R13 | 4.900 kr. |
| 185/65 R14 | 5.900 kr. |
| 225/45 R17 | 19.800 kr. |
| **Sumardekk. Sendibílar** | |
| 195/70 R15 | 9.900 kr. |
| 185/75 R16 | 10.900 kr. |

### ▶ TELSTAR TIRE





| Sumardekk. Fólksbílar | |
|---|---|
| 215/70 R15 | 8.425 kr. |
| 205/55 R16 | 9.560 kr. |
| **Heilsársdekk AT. Jeppar/Pallbílar** | |
| 31x10,5 R15 | 10.900 kr. |
| 265/75 R16 | 12.350 kr. |
| 235/85 R16 | 14.900 kr. |
| **Vetrardekk. Jeppar/Pallbílar** | |
| Neglanleg | |
| 225/75 R15 | 9.500 kr. |
| 215/65 R16 | 10.900 kr. |
| 225/70 R16 | 10.700 kr. |
| 235/65 R17 | 13.900 kr. |
| 275/70 R17 32” | 19.900 kr. |
| 235/80 R17 | 22.500 kr. |

### ▶ MICKEY THOMPSON

*Hjá Max1 mælum við með míkróskurði til að auka grip í snjó og hálku.*



| Heilsársdekk. Jeppar/Pallbílar | |
|---|---|
| 225/75 R15 | 11.400 kr. |
| 265/75 R16 32” | 14.800 kr. |
| 265/70 R17 32” | 16.500 kr. |
| 325/60 R18 33” | 25.000 kr. |

### ▶ CONTINENTAL

| Sumardekk. Jeppar | |
|---|---|
| 265/70 R17 | 13.900 kr. |
| 235/60 R18 | 13.900 kr. |

### ▶ MICHELIN

| Heilsársdekk. Jeppar | |
|---|---|
| 235/75 R15 | 9.900 kr. |
| 245/65 R17 | 11.900 kr. |

VISA

*Verð er án nagla og án míkróskurðar.*

**REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:** Opið virka daga kl. 8-18.
**Bíldshöfða 5a.** Símar 515 7095 og 515 7096.
**Bíldshöfða 8.** Símar 515 7097 og 515 7098.
**AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN:** Tryggvabraut 5. Sími 462 2700.

**Forðastu óþægindi. Komdu með bílinn til okkar.**
*Skoðaðu: www.max1.is*

MAX1 BÍLAVAKTIN


# STUÐ MILLI STRÍÐA: Heimur byggður á volæði

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** HRÆÐIST HIÐ ILLA



Heimurinn í dag er byggður á volæði, örbigð og eymd. Á meðan vestræn börn kvarta og kveina undan grænmetis-salati á disknum og of mikilli hreyfingu gráta milljónir afrískra og asískra barna undan hungri og máttleysi til að geta hreyft sig. Arðbærar atvinnugreinar á borð við eiturlyfjasmygl, vopnasölu og mansal blómstra í skjóli spilltra valdsmanna sem kjósa frekar að skara eld að sinni köku í stað þess að uppræta glæpalýðinn. Hvað eru nokkrir smáaurar inná lokaðan reikning í Sviss fyrir eitt eða tvö mannslíf?

Og það skyldi þó aldrei vera svo nema að náungakærleikurinn sem að Jesús og aðrir spámenn trúarbragðanna predikuðu um fyrir tveimur árþúsundum hefði gleymst í vestræna auraflóðinu. Velmegun hinna útvöldu byggir á fátækt og þrælahaldi hinna lægra settu sem þrá ekkert annað en að búa fjölskyldum sínum mannsæmandi líf að hætti nágrannanna. Og grípa til örþrifaráða þannig að þeim takist það. Draumurinn um betra líf hefur til að mynda svipt ófáar austrænar stúlkur frelsi sínu og neytt þær til kynlífsþrælkunnar af verstu gerð á meðan jafnaldrar þeirra borða Cheerios og velta því fyrir sér hvort þær eigi biðja um nýjan farsíma eða fartövlu í afmælisgjöf.

En hin pólitíska rétthugsun getur einnig reynst hættuleg. Eigum við að hafa samviskubit yfir velgengni okkar, þessa litla útnára sem árum og öldum saman lifði á súrum mat og drapst úr hori ef illa viðraði? Eflaust ekki. Við gætum hins vegar leitt hugann að því oftar hversu gott við höfum það, hversu mikla velmegun við lifum við .

Árlega eru átta hundruð þúsund einstaklingar fluttir inn til Bandaríkjanna, langstærstur hluti þeirra eru konur og börn sem eru misnotuð kynferðislega á skipulagðan hátt. Ef til vill er ekkert sem við Íslendingar getum gert nema þá helst að staldra við eitt augnablik og átta okkur á því að eymdin er okkur mun nærri en við höldum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Ég ætla ekkert að hætta að vinna
þótt hann sé á leiðinni.
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

**Kl. 11.00**
*Helga Sigurðardóttir sýnir í galleríinu Art-Iceland. Hafið í öllum sínum margbreytileika er áhrifamáttur sýningarinnar. Sýningin ber heitið Mar. Sýningin er opin frá 11 til 18 virka daga og 11 til 16 á laugardögum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Nýstárleg hljóð og spánnýtt verk*

Tónlistarhópurinn Aton stendur í stórræðum þessa dagana. Hópurinn kom fram á tvennum tónleikum á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði í síðustu viku og vinnur þessa dagana að fyrstu plötu sinni sem væntanleg er síðar á árinu. Höfundar verka á fyrirhugaðri plötu eru meðal annars Hlynur Aðils Vilmarsson, Hugi Guðmundsson, Steingrímur Rohloff og Guðmundur Steinn Gunnarsson. Verkin eru samin á tímabilinu 1999-2006.

Í kvöld hefjast alþjóðlegir Atondagar í Fríkirkjunni þar sem hópurinn heldur tvenna tónleika ásamt góðum gestum, en hópinn að þessu sinn skipa: Berglind María Tómasdóttir flauta, Dean Ferrell bassi og Tinna Þorsteinsdóttir píanó.



**KYNNIR NÝJAN HLJÓM** Tónskáldið og klarinettuleikarinn Evan Ziporyn. MYND/PETER SERLING

Á tónleikunum í kvöld flytur hópurinn verk eftir ísfirska tónskáldið Jónas Tómasson og gamelansérfræðinginn og hinn heimskunna klarinettuleikara Evan Ziporyn frá Bandaríkjunum. Evan Ziporyn mun jafnframt tala um tónlist sína á tónleikunum.

Annað kvöld heldur Ziporyn tónleika ásamt eiginkonu sinni, Christine Southworth. Í fyrri hluta tónleikanna leikur hann verk fyrir klarinettur en í síðari hlutanum leika hjónin á svokölluð G'nder Wayang-slagverkshljóðfæri af tegund gamelan-hljóðfæra sem ættuð eru frá eyjunni Balí. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem heyrist í slíkum hljóðfærum á opinberum tónleikum hér á landi. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30



### >Heimsins furður

Heimasíðan **guimp.com** gefur sig út fyrir að vera **minnsta** heimasíða heims, það er að segja sú með **smæsta letrið.** Þar á að vera hægt að spila svokallaðan **skjátennis** með örvalyklum lyklaborðsins en leikjarýmið er á við einn fjórða úr **frímerki.** Íþrótt þessi er krefjandi en næsta tilgangslaus.


## Sýningar á sögulofti

**MR. SKALLAGRÍMSSON**

| | |
|---|---|
| **Júní:** | 29. kl.20 laus sæti |
| **Júlí:** | 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Laus sæti 5. kl.20 laus sæti, 13. kl.20 laus sæti, 14. kl.15, 14. kl. 20 |
| **Ágúst:** | 11. kl.20, 12. kl.20, 18. kl.20, 19. kl.20, 30. kl.20, 31. kl.20 laus sæti |

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


## NÝJAR BÆKUR

Bókaútgáfan Skjaldborg gefur út fyrstu bók spennusagnahöfundarins Fritz M. Jörgensen, Þrír dagar í október. Sigrún finnst látin við Þjóðarbókhlöðuna við undarlegar aðstæður. Rannsókn hefst en innan skamms hverfur Ásdís á einkennilegan hátt. Margt bendir til þess að atburðirnir séu tengdir og lögreglan leggur nótt við dag að leysa málið. Um leið fylgist lesandinn með örvæntingarfullri baráttu Ásdísar fyrir lífi sínu en kynnist um leið hugmyndaheimi sálsjúka mannsins sem ber ábyrgð á þessum ógnaratburðum. Bókin er aðeins fáanleg í kilju. Höfundur hefur undanfarin ár starfað að markaðsmálum fyrir ýmis fyrirtæki og stofnanir.





„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR

Fim 28/6 kl. 20 UPPS. Síðasta sýning
LJÓTU HÁLFVITARNIR ÚTGÁFUTÓNLEIKAR LAU 30/6 KL. 21 MIÐAVERÐ KR. 1.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Góðir gestir snúa aftur

**Tékkneski strengjakvartettinn PiKap heldur sex tónleika hér á landi á næstum dögum ásamt Eydísi Franzdóttur óbóleikara.**



**STRENGJAKVARTETTINN PIKAP** Rómaðir flytjendur kammer- og hljómsveitarverka í heimalandi sínu Tékklandi.

PiKap strengjakvartettinn hefur haldið fjölda tónleika víða um Evrópu og fengið mikið lof gagnrýnenda fyrir einstaklega vandaðan og tilfinningaríkan flutning. Kvartettinn er skipaður fiðluleikurunum Martin Kaplan og Lenku Simandlovu, lágfiðluleikaranum Miljo Milev og sellóleikaranum Petr Pitra sem öll eru mjög virk í tónlistarlífi Vestur-Tékklands bæði í kammermúsík og hljómsveitarleik. Auk þess að spila saman sem kvartett hafa þau öll, að Martin Kaplan undanskyldum, verið hljóðfæraleikarar við sinfóníuhljómsveitina í Karlovy Vary. Martin er konsertmeistari við óperuhljómsveitina í Pilzen.

Samstarf kvartettsins við Eydísi Franzdóttur óbóleikara hófst árið 2004 er hún skipulagði ferna tónleika þeirra hérlendis þar sem þau hlutu afbragðs viðtökur áheyrenda. Sumarið 2005 buðu þau henni að vera gestur þeirra á þrennum tónleikum í Tékklandi.

Fyrstu tónleikarnir verða í Bíósal Duushúsa í Reykjanesbæ á miðvikudagskvöldið en þá frumflytur hópurinn meðal annars nýjan kvintett fyrir óbó og strengi eftir Eirík Árna Sigtryggsson.

Síðan taka við tónleikar í Ketilhúsinu á Akureyri á föstudag en þeir eru liður í Listasumri norðanmanna sem nú stendur sem hæst.

Hópurinn færir sig síðan austar um helgina og heldur tónleika í Reykjahlíðarkirkju á laugardag og í Gamla Bauk á Húsavík á sunnudag. Höfuðborgarbúar geta síðan hlýtt á tónleika þeirra í Listasafni Sigurjóns að viku liðinni en rúntinum lýkur í tónlistarhúsinu Hömrum á Ísafirði 5. júlí.

Auk frumflutnings á verki Eiríks Árna mun PiKap kvartettinn gefa landsmönnum innsýn í tónlist föðurlandsins með flutningi á strengjakvartettum eftir tékknesku tónskáldin Dvorak, Martinu, Janacek, Ryba og Simandl, ásamt því að flytja verk eftir Mozart og Vaughan Williams.

Aðgangur er ókeypis á alla tónleikana nema á Akureyri. -khh


www.volkswagen.is




Volkswagen Jetta er grænn bíll

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu. Vertu á grænum bíl, vertu á Volkswagen.

Ríkulega búin Jetta Comfortline

· 6 þrepa sjálfskipting · Skriðstillir · Armpúði milli framsæta
· Aksturstölva · Langtíma-olíubúnaður · Samlitur · Spólvörn ASR
· Krómpakki · Loftfrískunarbúnaður · Þokuljós · og margt fleira.

# Gott bókaár hjá Svíum



**LIZA MARKLUND** metsöluhöfundur Svía og útgefandi

Sænskir bókaútgefendur una hag sínum vel: síðasta ár jókst sala á sænskum fagurbókmenntum en sala á þýddum bókum dróst saman. Þessa gætir einnig í sölu barna- og unglingabóka. Talsmenn bókaútgefenda þakka þetta samkeppni milli bókaverslana, stórmarkaða og sölu á neti sem fer vaxandi.

Titlum fækkaði um 2,2 prósent en söluupplög stækkuðu úr 5000 eintökum í 5300. Markaðsvirði innlendra bókmennta jókst um 37 prósent en á tveggja ára tímabili um 8 prósent.

Umskipti í sölu barnabóka eftir innlenda höfunda þakka menn að ekki kom út ný saga um Harry Potter og raunir hans. Sala á hljóðbókum jókst: 359 titlar komu út í því formi og seldust í nær milljón eintökum og eru nú 8 prósent af sölu. Menn hafa áhyggjur af stórauknum birgðum en við þær bættust 40 milljónir eintaka. Svensk bokhandel greinir svo frá.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

23 24 25 **26** 27 28 29

**Þriðjudagur**

### SÝNINGAR

11.00 **Rannveig Ásbjörnsdóttir (Ransý)** sýnir á **Geysir bistro & bar** Aðalstræti 2. Listakonan sýnir vatnslitamyndir en yfirskrift sýningarinnar er **Landslag og blóm**. Staðurinn er opinn alla daga frá 11-22. Listakonan hefur gert jólakort fyrir **Svölurnar** sem gerð eru til styrktar líknarmála.

12.00 **Björn Ásbjörnsson** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**, Þverholti 2. Verkið **Bönd** tengist hugleiðingum um hjónaband, ættarband og tímann. Grunnur verksins er í norrænni goðafræði og gerir Bergsteinn tilraun til að gera tímans bönd sýnileg. **Listasalur Mosfellsbæjar** er opinn virka daga kl. 12-19 og lau 12-15.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.










# Fullyrt að Miller sé hommi

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum sögðu í gær frá því að leikarinn Wentworth Miller, sem slegið hefur í gegn í þáttunum Prison Break, hafi átt í ástarsambandi við annan karlkyns leikara síðasta hálfa árið. Orðrómur um að Miller sé samkynheigður hefur lengi verið uppi en sjálfur hefur leikarinn neitað því harðlega.

Leikarinn sem er sagður vera kærasti Miller heitir Luke McFarlane og leikur hann í þáttunum Brothers and Sisters. McFarlane þessi hefur opinberlega greint frá samkynhneigð sinni og hefur meðal annars átt í sambandi við leikarann T.R. Knight sem margir þekkja úr Grey´s Anatomys þáttunum.

„Þeir hafa átt í leynilegu sambandi í sex mánuði og passa sig mjög vel á að sjást ekki saman á almannafæri. Það er skiljanlegt, enda hefur Wentworth ekki ennþá komið út úr skápnum,“ sagði náinn vinur þeirra félaga í samtali við eitt slúðurblaðanna ytra.

Sagan segir að Miller sé ekki ósvipaður karakter og hann er í þáttunum sem hafa gert hann að stjörnu, hann sé feiminn og hlédrægur og því vilji hann sem minnst tala um ástir sínar. Hann þykir hins vegar vera hið mesta kvennagull og því hafa margir furðað sig á því að hann hefur aldrei verið orðaður við konu. Þykir það renna stoðum undir kynheigð hans. „Wentworth mun aldrei segja neitt um ástalíf sitt,“ sagði heimildarmaðurinn.


**WENTWORTH MILLER** Hefur slegið í gegn í Prison Break.

# Evan beint á toppinn

Gamanmyndin Evan Almighty fór beint í efsta sæti aðsóknarlistans í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Náði myndin þó aðeins inn rúmlega helmingi af aðsóknartekjum forverans, Bruce Almighty.

Í öðru sæti á aðsóknarlistanum var 1408, sem er byggð á samnefndri hryllingssögu Stephens King. Með aðalhlutverkin fara John Cusack og Samuel L. Jackson.


**EVAN ALMIGHTY**

# Kvikmynd um Hugh Hefner

Til stendur að gera kvikmynd um Hugh Hefner, stofnanda karlatímaritsins Playboy. Leikstjóri verður Brett Ratner sem á að baki Rush Hour-myndirnar og X-Men: The Last Stand.

Hefner, sem er 81 árs, seldi kvikmyndaréttinn að ævi sinni fyrir nokkrum árum. Hefur hann lagt blessun sína yfir hugmyndir Ratners og félaga um gerð myndarinnar. „Hefner var alinn upp af bókstafstrúarfólki en varð á endanum guðfaðir kynlífsbyltingarinnar,“ sagði Ratner. „Hann braut óskrifaðar reglur, sérstaklega hvað kynlífshegðun varðar. Ég vil sýna allt saman, allt frá baráttu hans fyrir málfrelsi sínu, til fyrstu orgíu hans, til hjartaáfallsins sem hann fékk á níunda áratugnum sem varð honum næstum að bana.“

Hefner stofnaði Playboy árið 1953 og varð tímaritið fljótt gríðarlega vinsælt. Barðist hann á síðum þess fyrir málfrelsi og gegn hvers kyns ritskoðun.


**KVENNABÓSI** Kvikmynd um stofnanda Playboy er í undirbúningi.





**JUSTIN TIMBERLAKE** Framkoma hans í Svíþjóð um helgina var hin ósvífnasta og bölvaði hann aðdáendum sínum í bak og fyrir við hótel sitt í Gautaborg.

# Timberlake hrækti á Svíana

**Svíar eru með böggum hildar eftir skammarlega framkomu söngvarans Justin Timberlake í garð aðdáenda sinna þar í landi.**

Timberlake hélt tónleika í Gautaborg í gærkvöldi en söngvarinn var eitthvað illa upplagður þegar hann kom til Gautaborgar á sunnudag eftir vel heppnaða tónleika í Kaupmannahöfn. Er hann kom á hótel sitt í Gautaborg biðu hans fjölmargir aðdáendur og svo fór að söngvarinn missti hreinlega stjórn á skapi sínu.

Aðdáendurnir höfðu hópast saman við anddyri hótelsins og smelltu af honum ljósmyndum í gríð og erg. Söngvaranum líkaði athyglin eitthvað illa og brást við með því að hrækja í átt að þeim sem voru að taka myndir. Einum aðdáendanna líkaði ekki þessi framkoma Timberlakes og hellti yfir hann ókvæðisorðum sem ekki teljast birtingarhæf. Timberlake svaraði á móti og jós slíkum svívirðingum yfir aðdáandann að viðstaddir trúðu varla sínum eigin eyrum og augum.

„Þetta var með ólíkindum. Justin hefur alltaf virkað sem prúður piltur á mig en nú veit ég að hann er hrokagikkur,“ sagði einn viðstaddra.

Koma Timberlakes til Gautaborgar hefur eðlilega vakið mikla athygli og var hann eltur á röndum af bæði fjölmiðlum og aðdáendahópinn þegar hann reyndi að skoða borgina í gær.

Timberlake reyndi að læðast út um bakdyr hótelsins sem hann dvelur á en það tók æstan aðdáendahópinn aðeins nokkrar mínútur að hafa uppi á goðinu. Hann flúði því aftur inn á hótelið skömmu síðar ásamt unnustu sinni Jessicu Biel, en hún fylgir honum í tónleikaferðalaginu um Evrópu.

# Paris Hilton losnar í dag

Ólátabelgurinn og glamúrgellan Paris Hilton losnar úr steininum í dag og má reikna með miklum fjölmiðlasirkus fyrir framan Century Regional Detention Centre í Lynwood þar sem fyrirsætan hefur dvalist síðastliðna 23 daga. Að sögn Kathy Hilton, móður Parisar, er stúlkan að vonum mjög spennt fyrir því að losna úr fangelsi og lét móðirin hafa eftir sér að: „Paris væri orðin langþreytt á appelsínugula gallanum sínum.“

Fangelsisvist Parisar hefur þó ekki verið neinn dans á rósum en henni var sleppt að loknum 72 tímum þar sem læknar óttuðust um heilsufar hennar. Dómari í Kaliforníu sýndi hótelerfingjanum hins vegar enga miskunn og sendi hana rakleiðis aftur á bak við lás og slá. Paris var dæmd til fangelsisvistar fyrir síendurtekin umferðarlagabrot og ölvunarakstur.

Fjölmiðlar hafa mikið velt því fyrir sér hvernig Paris komi til með að líta út þegar hún snýr aftur út í hinn frjálsa heim. Í slúðurblöðum hefur því verið haldið fram að hún hafi lést um þó nokkur kíló en vinir og vandamenn hafa vísað því á bug. „Hún hefur engu gleymt,“ sagði leikkonan Ashley Scott sem heimsótti hana í fangelsið.

Paris mun veita Larry King fyrsta viðtalið sitt en áður hafði NBC-sjónvarpsstöðin neitað að greiða eina milljón dollara eða 63 milljónir íslenskra fyrir slíkt viðtal. Paris mun hins vegar mæta frítt til Larry sem um árabil hefur þótt einhver besti spjallþáttastjórnandinn í bandarísku sjónvarpi undanfarin ár.


**GRÁTUR** Harmsögu Paris Hilton lýkur í dag.


**PARIS LAUS** Hótelerfinginn verður frjáls ferða sinna í dag.

# FJÓRÐUNGSMÓT Á AUSTURLANDI
# 28. JÚNÍ - 1. JÚLÍ
## IÐAVÖLLUM VIÐ EGILSSTAÐI
## FJÖLSKYLDU- OG SKEMMTIDAGSKRÁ



## MAGNI & Á MÓTI SÓL


Jónsi


Óskar Pétursson


Örn Árnason


Kalli á þakinu


Austurlandið

FM 07

www.freyfaxi.net/fm07

PROMO

***Andri Bergmann** (Evróvisíon) - **Guðný Pála úr GÍS** (X-Factor) - **Tinna Björk** (Idol) **o.fl.***

*Hoppukastalar - Leiktæki - Útreiðartúrar - Dansleikir - Tónleikar - Skemmtidagskrá o.fl.*




ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L | OCEAN´S 13 VIP | kl. 5:30 | |
| SHREK 3 VIP | kl. 8 - 10:10 | | PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L | ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| OCEAN´S 13 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 | ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL DIGITAL | kl. 8:15 - 10:20 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL DIGITAL | kl. 4:15 - 6:15 | L |
| CODE NAME CLEANER | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| OCEAN´S 13 DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| PIRATES 3 DIGITAL | kl. 5 | 10 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 - 8 | L |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 - 8 | L |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD | kl. 8 | L |
| FANTASTIC FOUR | kl. 8 | L |
| CODE NAME... | kl. 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 16 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA



Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 6 og 8 | L |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| HOSTEL 2 | kl. 10 | 18 |

www.laugarasbio.is






SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHREK THE THIRD (ENSKT TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK THE THIRD LÚXUS | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| SHREK HINN ÞRIÐJI (ÍSL TAL) | kl. 3 - 5 - 7 - 9.10 - 11.10 | |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10.10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 3 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8.20 -10.30 | |
| THE HOAX | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| HOSTEL 2 | kl. 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 6 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 10.30 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREMONITION | kl. 8 - 10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE LAST MIMZY | kl. 6 | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS


# Synir Johns Lennon sættast

Julian og Sean Lennon, synir fyrrum Bítilsins Johns Lennon, hafa grafið stríðsöxina sem staðið hefur á milli þeirra bræðra síðustu átta ár. Hálfbræðurnir eru nú byrjaðir að talast við að nýju en stirrt hafði verið á milli þeirra allt frá því að Julian lét hafa eftir sér niðrandi ummæli um Yoko Ono, síðari eiginkonu Johns og móður Seans. Móðir Julians er fyrri eiginkona Johns, Cynthia. Það var hinn 44 ára gamli Julian sem átti frumkvæðið að sáttunum.

„Mér fannst vera kominn tími á breytingar í mínu lífi. Hluti af þeim breytingum var að fá Sean aftur inn í myndina. Ég vildi það vegna þess að ég elska hann,“ sagði Julian í viðtali við New York Post.

Julian kom Sean á óvart á tónleikum þess síðarnefnda í Prag fyrir skemmstu. Julian hafði skipulagt endurfundina án vitundar bróður síns og birtist honum að óvörum baksviðs að tónleikunum loknum þar sem hann lagði til að allur ágreiningur yrði lagður til hliðar. „Við féllumst í faðma og héldum lengi utan um hvor annan. Þetta var vilji okkar beggja.“



**SEAN LENNON** Var ósáttur við niðrandi ummæli Julians um móður sína fyrir átta árum og hafði verið í fýlu í átta ár.



**JULIAN LENNON** Átti frumkvæðið að sáttafundum þeirra bræðra.

# Prjónateppi á Austurvelli

**Hönnunarhópurinn Títa ætlar að sauma og prjóna út um allan bæ í sumar. Hópurinn starfar á vegum Hins Hússins og er liður í verkefninu Skapandi sumarstörf.**

„Við erum að hanna og sauma alls kyns fatnað sem við munum svo sýna á stórri tískusýningu á menningarnótt,“ segir Særós Rannveig Björnsdóttir í hönnunarhópnum Títu. Auk hennar eru þær Edda Sif Eyjólfsdóttir, Svandís Friðleifsdóttir, Sandra Borg Bjarnadóttir og Elfa Steinarsdóttir í hópnum sem starfar á vegum Skapandi sumarstarfa Hins hússins.

„Við erum líka með stórt prjónaverkefni í gangi og erum á Austurvelli hvern fimmtudag og annan hvern föstudag. Þá fáum við fólk til að prjóna með okkur, hver prjónar einn bút og þeir verða svo saumaðir saman í stórt teppi. Við höfum fengið fyrirtæki til að gefa áheiti á prjónateppið og ágóðinn er til styrktar hjartveikum börnum,“ segir Særós Rannveig en stúlkurnar kynntust í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. „Við vorum allar í textíl og fatahönnun í FB og tvær okkar eru búnar að klára. Við stefnum svo allar á áframhaldandi nám á þessu sviði.“

Á föstudaginn kemur munu stúlkurnar verða með viðburð sem þær kalla „Kusur flakka um bæinn“. En þá munu þær sýna alls kyns fatnað úr gervifeldi sem líkist beljuhúð. Fleiri upplýsingar um Hönnunarhópinn Títu má sjá á vefsíðunni www.myspace.com/titadesign.

hilda@frettabladid.is



**HÖNNUNARHÓPURINN TÍTA** Stelpurnar sauma og prjóna út um allan bæ í sumar og fá gangandi vegfarendur í lið með sér.

# Diaz biðst afsökunar

Leikkonan Cameron Diaz hefur beðist afsökunar á því að hafa borið tösku með pólitískum slagorðum sem hafa vakið upp slæmar minningar á meðal íbúa Perú.

Diaz var stödd í borginni Machu Picchu í Andes-fjöllunum í Perú á dögunum þar sem hún bar tösku með rauðri stjörnu þar sem stóð á kínversku: „Þjónið fólkinu“. Slagorðið er eitt það þekktasta frá Maó, fyrrum leiðtoga Kínverja. Vekur slagorðið upp minningar Perúbúa um herlið Maós sem barðist við stjórnvöld í landinu á níunda áratugnum og byrjun þess tíunda. Átökin voru afar blóðug og kostuðu tæplega sjötíu þúsund manns lífið.

„Ég biðst innilega afsökunar ef ég hef sært einhvern,“ sagði Diaz. „Ég keypti töskuna þegar ég ferðaðist um Kína og vissi ekki hversu móðgandi slagorðið væri.“ Diaz er stödd í Perú við upptökur á sjónvarpsþætti um menningu landsins. „Það var aldrei ætlun mín að ýfa upp gömul sár á meðal þjóðarinnar,“ sagði hún.



**CAMERON DIAZ** Leikkonan Cameron Diaz hefur beðið Perúbúa afsökunar.




# Fær greiddar bætur

**Sátt hefur náðst í máli sem Victoria Beckham höfðaði gegn slúðurblaðinu Star. Kryddpían fær greiddar bætur og birt verður afsökunarbeiðni.**

Málið snýst um frétt sem Star Magazine birti um vandamál við gerð raunveruleikaþáttar um flutning Beckham-hjónanna til Bandaríkjanna. Haft var eftir heimildarmanni að þátturinn væri fíaskó enda væri Victoria bæði köld og sjálfumglöð. „Hún gengur um og sýnir öllum lítilsvirðingu. Heldur að hún sé voðalega stórt nafn en síðan veit hvorki kóngur né prestur hver hún er,“ hafði Star eftir heimildarmanni sínum.

Lögfræðingur Victoriu , Gerrard Tyrell, sýndi fram á það fyrir dómstólum í London að fréttin væri bæði röng og meiðandi fyrir frú Beckham. Þættirnir hefðu ekki verið farnir í framleiðslu þegar fréttin var skrifuð og því hefðu þessir hlutir aldrei getað átt sér stað. „Hún er algjörlega röng og kemur sér illa fyrir Victoriu,“ sagði Tyrell við réttarhöldin og bætti því við að blaðið hefði aldrei haft samband við Victoriu við gerð fréttarinnar.



**VICTORIA BECKHAM** Breskir og bandarískir fjölmiðlar eru fullir af sönnum og lognum fréttum af söngkonunni.

Útgefendur blaðsins viðurkenndu mistök sín og lofuðu að birta formlega afsökun vegna fréttarinnar auk þess sem þeir greiða Victoriu skaðabætur. Victoria komst þó á forsíður blaðanna þrátt fyrir þennan úrskurð því breska blaðið The Sun hélt því fram að söngkonan myndi koma fram á leikjum LA Galaxy, liðsins sem David Beckham spilar með, sem klappstýra.

# The Rapture spilar á Nasa í kvöld

Bandaríska danspönksveitin The Rapture heldur tónleika á Nasa í kvöld. Sveitin spilaði á Iceland Airwaves-hátíðinni fyrir fimm árum við mjög góðar undirtektir og ætlar nú að endurtaka leikinn.

The Rapture er á tónleikaferð að kynna nýjustu plötu sína Pieces of the People We Love. Lög af henni á borð við Get Myself Into it, Whoo! Alright-Yeah... Uh huh og Pieces of the People We Love hafa öll hljómað títt á útvarpsstöðvum og dansgólfum landsins að undanförnu. Hljómsveitin Motion Boys hitar upp fyrir The Rapture í kvöld. Enn eru til miðar á tónleikana og er miðaverð 3.900 krónur.



**THE RAPTURE** Hljómsveitin The Rapture heldur tónleika á Nasa í kvöld.




# Live Earth sýnt í beinni

Tónlistarviðburðurinn Live Earth verður í beinni útsendingu á Skjá einum laugardaginn 7. júlí. Sýndir verða tónleikar frá níu mismunandi stöðum í sjö heimsálfum, þar á meðal frá New York, Sydney, Jóhannesarborg og Tókýó. Auk þess verður sent beint frá Suðurskautslandinu. Hefst fjörið klukkan sjö að morgni og stendur yfir í heilan sólarhring.

Meira en 150 tónlistarmenn koma fram á tónleikunum sem eru haldnir til að berjast gegn loftslagsbreytingunum í heiminum. Á meðal þeirra verða Red Hot Chili Peppers, Madonna, Duran Duran, Bon Jovi, Damien Rice, Smashing Pumpkins, The Police, The Beastie Boys og Metallica.



**RED HOT CHILI PEPPERS** Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers spilar á Liver Earth 7. júlí næstkomandi.




Kanarí

frá aðeins 43.395 kr.*

Nú er salan hafin á ferðum til Kanaríeyja næsta vetur. Heimsferðir bjóða frábært úrval gistingar á hreint ótrúlegum kjörum. Tryggðu þér lægsta verðið og bestu gistinguna næsta vetur á þessum vinsælasta áfangastað Íslendinga.



Ótrúlegt verð

Kr. 43.395 - íbúð m/2 svefnherb.
* Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 2. eða 9. janúar, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Parquemar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 52.595 - hálft fæði
Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 2. eða 9. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 58.390 - smáhýsi
M.v. 2 fullorðna í smáhýsi, Parquesol í viku 2. eða 9. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 79.990 - allt innifalið
Gisting í tvíbýli, vikuferð 2. eða 9. janúar, á Hotel Dunas Suite Maspalomas **** með „öllu inniföldu“. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

ENNEMM / SÍA / NM28393

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

## > Kópavogsslagurinn er í kvöld

Breiðablik og HK mætast í klukkan 20.00 í kvöld í "Baráttunni um Kópavog" í Landsbankadeild karla. Liðin hafa aldrei spilað saman áður í efstu deild en árið 2005 léku þau bæði í 1. deildinni. Báðir leikirnir það ár enduðu með jafntefli og má búast við spennandi rimmu í leiknum kvöld sem telst sem heimaleikur Breiðabliks. Fjölskylduveisla verður í Kópavogi frá klukkan 18. Fyrir leikinn er Breiðablik með sjö stig en HK tíu. Í kvöld mætast einnig Víkingur og ÍA í Fossvoginum en sá leikur hefst klukkan 19.15.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÓNATAN MAGNÚSSON: FÓR Í AÐGERÐ Í VON UM AÐ BINDA ENDA Á HIN DULARFULLU MEIÐSLI

# *Ég bara trúi ekki öðru en að þetta hjálpi mér*

Akureyringurinn Jónatan Magnússon fór fyrir viku síðan í sína fyrstu aðgerð vegna meiðsla sem hafa hrjáð hann síðan á síðasta ári. Jónatan hefur lítið getað hreyft sig vegna meiðslanna sem enginn getur sjúkdómsgreint. „Það veit enginn hvað er að mér," sagði kappinn í nýlegu viðtali við Fréttablaðið en Brynjólfur Jónsson ákvað loks að skera hann upp.

„Hann losaði einhverjar festingar frá lífbeininu og boraði síðan nokkur göt í það. Ég veit eiginlega ekkert hvað hann var að gera," sagði Jónatan glaðbeittur þrátt fyrir allt. Hann hefur verið í sjúkraþjálfun síðan í ágúst á síðasta ári og er þetta fyrsta aðgerðin sem hann fer í til að sporna við meiðslunum.

Eins og áður sagði hefur enginn enn getað sjúkdómsgreint Jónatan en mesti verkurinn var í lífbeininu. Loksins er þó kominn tímarammi á Jónatan sem má byrja að hreyfa sig eftir tvær vikur. Áður vissi hann ekkert hvenær eða hvort hann gæti byrjað að æfa aftur. „Brynjólfur vill meina að þetta hjálpi og ég vona svo sannarlega að þetta sé málið. Það er ekki farið að reyna á þetta ennþá en ég verð í fullu samráði við hann eftir að ég byrja að hreyfa mig."



Jónatan gekk í raðir St. Raphael í Frakklandi á síðasta ári og er reyndar enn samningsbundinn félaginu. Akureyri vonast eftir því að semja við kappann sem stefnir ótrauður á að spila handbolta næsta haust. „Ég vonast til að spila á tímabilinu en ég verð bara að sjá til, aðalatriðið er að ná sér góðum, hvenær sem það verður. Ég hef ekki sett niður neinn ákveðinn tíma sem ég ætla að vera byrjaður að spila, þetta snýst um að vera þolinmóður. Þetta er búið að vera svo langt ferli en ég trúi ekki öðru en að þetta hjálpi mér," sagði Jónatan Magnússon.

Auk þess sem Akureyri vonast eftir því að semja við Jónatan er félagið einnig á höttunum eftir nýjum markmanni eftir að Hreiðar Levý Guðmundsson samdi við Savehof. Þá misstu Akureyringar af Árna Sigtryggssyni sem samdi við Granoles á Spáni.



**VIÐAR** Spilaði 203 leiki fyrir Safamýrarpilta. Hér er hann í leik með Fram gegn HK í 1. deildinni í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Víkingur fær tvo leikmenn:

## Viðar og Serbi í Fossvoginn

**FÓTBOLTI** Víkingur hefur gengið frá félagaskiptum við tvo leikmenn fyrir áframhaldandi átök í Landsbankadeild karla. Viðar Guðjónsson skrifaði í gær undir í Fossvoginum og verður hann kominn með leikheimild fyrir leikinn gegn ÍA í kvöld. Viðar hætti hjá Fram á dögunum en hann leikur iðulega í stöðu miðjumanns.

Þá kemur serbneski framherjinn Dragan Galic til Víkings á næstu dögum og leikur með liðinu í sumar. Hann er 25 ára gamall og var til reynslu hjá félaginu í maí.

**- hþh**

# Yfirburðir Valsstúlkna í Kópavogi

**Valur sótti þrjú stig í Kópavogi í Landsbankadeild kvenna í gærkvöldi. Valur vann Breiðablik með fjórum mörkum gegn engu þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk fyrir toppliðið.**

**FÓTBOLTI** Valur gerði góða ferð í Kópavogi í brakandi blíðu í gær þar sem þær unnu Breiðablik 4-0. Valsstúlkur sóttu meira til að byrja með og Margrét Lára sýndi strax úr hverju hún er gerð með góðum tilþrifum þar sem hún bæði skapaði færi fyrir stöllur sínar auk þess sem hún kom sér sjálf í góðar stöður.

Eftir að hafa farið illa með þrjú færi slökuðu Valsstúlkur á klónni og Blikar komust meira inn í leikinn. Valsstúlkur voru alltaf hættulegri og uppskáru verðskuldað forystuna á 35. mínútu þegar Margrét Lára skoraði fallegt mark með viðstöðulausu skoti. Undir lok hálfleiksins vildu Blikar víti þegar Greta Mjöll Samúelsdóttir féll en hún fékk í staðinn gult spjald við litla kátínu áhorfenda.

Síðari hálfleikur fór rólega af stað en þegar tíu mínútur voru búnar hafði Margrét tvöfaldað forystu Vals með níunda marki sínu í sumar beint úr aukaspyrnu. Glæsilega gert hjá þessum frábæra leikmanni. Kathryn Moss, annar tveggja nýrra bandarískra stúlkna í liði Blika fékk svo sitt annað gula spjald og skömmu síðar fór Greta Mjöll sömu leið. Nína Ósk Kristinsdóttir skaut í Blikastöngina í millitíðinni.



**DANSINN DUNAR** Margrét Lára stýrir trylltum dansi Valsstúlkna eftir að hafa komið þeim yfir í fyrri hálfleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Eftir þetta fjaraði undan leiknum og skemmtanagildið minnkaði til muna. Valsstúlkur voru mikið með boltann og sköpuðu sér nokkur fín færi og uppskáru loksins þriðja markið þegar Vanja Stefanovic skoraði með góðu skoti utan teigs. Nína Ósk Kristinsdóttir rak svo síðasta naglann í kistu Blikastúlkna með marki í uppbótartíma og verðskuldaður sigur Vals staðreynd. Valur er enn efst í deildinni með fullt hús stiga en KR er þeim jafnt að stigum eftir stórsigur á Þór/KA í gær.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Valsstúlkna, var brosmild í leikslok. „Maður býst aldrei við svona yfirburðum en við erum með gott lið og ef við spilum eins og við gerðum frá fyrstu mínútu hér í dag getum við unnið hvern sem er. Mér fannst við vera betri þegar það var jafnt í liðum en rauðu spjöldin gerðu útslagið. Ég var með nokkrar tæpar og þreyttar eftir landsleiki og ég er mjög ánægð með spilamennskuna," sagði Elísabet.

Margrét Lára sýndi enn og aftur að hún er yfirburðarmaður í deildinni. Hún átti enn einn stórleikinn og hefur nú skorað níu mörk í fjórum leikjum. „Margrét er leikmaður í heimsklassa, við vitum það alveg. Það vilja allir hafa svona leikmann í liðinu sínu og við þökkum fyrir að hún er í Val. Hún er samt líka með frábæra leikmenn með sér, það má ekki gleyma því," sagði Elísabet.

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, fyrirliði Breiðabliks, vandaði dómaranum ekki kveðjurnar eftir leikinn. „Þetta var furðulegasti leikur sem ég hef spilað, dómarinn eyðilagði leikinn. Hann spjaldaði bara okkar leikmenn þrátt fyrir eins brot á báða bóga. Ég kenni dómaranum ekki um tapið en mér fannst halla á okkur. Við vorum inni í leiknum í fyrri hálfleik en eftir að tvær voru reknar út af gátum við lítið gert gegn hálfu A-landsliðinu. Við erum með ungt lið og það er verið að byggja upp. Við höldum ótrauðar áfram þrátt fyrir þetta," sagði Guðrún Sóley Gunnarsdóttir í leikslok.

**hjalti@frettabladid.is**


Stökktu til
Rhodos
30. júní eða 7. júlí
frá kr. 39.990
Allra síðustu sætin

Verð kr.
39.990 í viku
/49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur.
Stökktu tilboð 30. júní og 7. júlí.

Verð kr.
49.990 í viku
/59.990 í 2 vikur
Netverð á mann , m.v. 2 fullorðna í herbergi/stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur.
Stökktu tilboð 30. júní og 7. júlí.

Bjóðum nú frábært tilboð í 2 vikur 30. júní eða 1 eða 2 vikur 7. júlí á allra síðustu sætunum til Rhodos, eyju sólarinnar. Þú bókar flugsæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is


Eiður Smári Guðjohnsen stendur fast á sínu:

# Ég vil vera áfram hjá Barcelona

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir áhuga og fyrirspurnir frá fjölda liða hefur Eiður Smári Guðjohnsen ekki áhuga á því að fara frá Barcelona. Félagið státar nú af einni mest spennandi sóknarlínu heims og er erfitt að sjá fyrir hlutverk Eiðs innan um Ronaldinho, Samuel Eto´o, Lionel Messi og nýjasta liðsmann Börsunga, Thierry Henry.

Eiður skoraði fimm mörk í deildinni á síðasta tímabili og neyddist til að eyða löngum stundum á bekknum. Hann hefur áður gefið það út að hann hræðist ekki samkeppnina sem hefur aldrei verið meiri. „Það er búið að vera mikið um vangaveltur en ég hef ekki talað við neinn og ég er bara að einbeita mér að framtíðinni hérna," sagði Eiður við staðarblaðið El Mundo Deportivo í gær.

„Það var búist við meiru frá mér þegar ég kom og það er eðlilegt þegar sóknarmaður skorar ekki mörg mörk. Ég býst líka við meiru af sjálfum mér. En eftir þetta tímabil er ég kominn betur inn í hlutina. Ég veit hvernig klúbburinn gengur fyrir sig, ég kann tungumálið, og þarf nú ekki að einbeita mér að neinu en spilamennskunni. Þegar ég er í mínu besta formi er auðveldara fyrir fólk að dæma mig," sagði Eiður.



**EIÐUR** Fer ekki leynt með von sína að vera áfram í herbúðum Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölmörg lið vilja Eið Smára í sínar raðir en hann á enn þrjú ár eftir af samningi sínum á Spáni og ætlar að berjast hatrammlega fyrir sínu sæti. Miklar breytingar hafa verið gerðar á leikmannahópi Barcelona og mögulega eru fleiri á stefnuskránni. Tímabil Barcelona þótti valda vonbrigðum. „Ég veit að allir eru að einblína á þær miklu breytingar sem verða gerðar eftir að hafa ekki unnið neitt, en ég vil vera hérna áfram," sagði Eiður Smári Guðjohnsen. **- hþh**



**PLATINI** Var ekki ánægður með fjöldann í riðlum fyrir HM 2006. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirkomulag undankeppni HM:

## Liðum fækkað í riðlakeppninni

**FÓTBOLTI** UEFA hefur tekið þá ákvörðun að breyta fyrirkomulagi undankeppni HM 2010. Alls berjast 53 þjóðir um þrettán laus Evrópusæti á HM í Suður-Afríku. Þjóðunum verður skipt upp í átta riðla þar sem sex þjóðir eru í öllum riðlum nema einum sem telur fimm þjóðir. Efsta þjóðin kemst beint á HM en átta lið fara í umspil.

„Þetta er góð lausn. Ég var ekki ánægður með fyrirkomulagið þar sem sjö eða átta lið voru í öllum riðlum," sagði Michel Platini, forseti UEFA. **- hþh**



**GRAVESEN** Hefur staðið sig prýðisvel með Fylki frá því hann kom til liðsins frá Danmörku í fyrravor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fylkismanninum Peter Gravesen líkar lífið á Íslandi:

# Fær hærri laun hjá Fylki en í Danmörku

**FÓTBOLTI** Peter Gravesen kom til Fylkis fyrir tveimur árum og hefur átt sæti í liði félagsins síðan þá. Hann var lykilleikmaður hjá Herfølge í Danmörku áður en hann lenti í slagsmálum við samherja sinn og fékk samning sinn ekki endurnýjaðan í kjölfarið.

Því varð hann að finna sér nýjan klúbb. „Umboðsmaður minn kom með lýsingu á klúbbi sem mér leist mjög vel á alveg þar til hann sagði að klúbburinn væri á Íslandi,“ sagði Gravesen í viðtali við Nyhedsavisen í heimalandi sínu.

Hann segir þó að hann sjái alls ekki eftir ákvörðuninni. „Ég hugsaði fyrst með mér hvern fjárann ég væri eiginlega að gera hér en Ísland hefur komið mér skemmtilega á óvart. Fólkið er mjög vinalegt og fótboltinn gæti verið verri,“ sagði Daninn. Gravesen viðurkenndi jafnframt að hann þénaði meira hjá Fylki en hjá Herfølge sem spilar í 1. deildinni í Danmörku.

„Það var eitt af því sem fékk mig til að slá til. Það er frábært að geta lifað af fótboltanum einum saman,“ sagði Gravesen. Hann tók einnig fram að hann væri ekki viss um hvað hann tæki sér fyrir hendur eftir að samningur hans rennur út eftir hálft ár en vel kæmi til greina að hann myndi snúa aftur til Danmerkur. - hþh








**HENRY** Verður númer 14 hjá Barcelona, eins og hjá Arsenal. NORDICPHOTOS/AFP

Thierry Henry:

# Skrifaði undir hjá Barcelona

**FÓTBOLTI** Thierry Henry bættist í gær í stjörnum prýddan leikmannahóp Barcelona. Henry er fimmti dýrasti leikmaðurinn í sögu Barcelona sem borgaði Arsenal 16 milljónir punda fyrir framherjann.

„Ég er í skýjunum yfir því að vera kominn hingað. Ég er loksins kominn og ég get ekki beðið eftir því að sýna stuðningsmönnunum hvað í mér býr. Vonandi kem ég til með að vera góð viðbót í hópinn,“ sagði Henry. - hþh

Wimbledon-mótið er hafið:

# Federer öruggur áfram í gær

**TENNIS** Roger Federer fór örugglega áfram í fyrstu umferð elsta og virtasta tennismóts heims, Wimbledon-mótsins, sem hófst í gær. Svisslendingurinn bar sigurorð af Teimuraz Gabashvili, 6-3 6-2 6-4. Federer hefur unnið Wimbledon-mótið fjögur ár í röð og getur jafnað met Björns Borg, sem vann mótið fimm sinnum í röð, fari hann með sigur af hólmi á Englandi. - hþh






### JASON BATEMAN

Jason var unglingastjarna á áttunda áratugnum og lék í þáttum eins og Silver Spoons og The Hogan Family. Árið 2002 fékk hann hlutverk í myndinni The Sweetest Thing með Cameron Diaz. Ári síðar var hann ráðinn í eitt aðalhlutverkið í þáttunum Arrested Development sem sýndir eru á Sirkus kl. 20.10. Fyrir frammistöðu sína í þáttunum hlaut Jason Golden Globe-verðlaunin árið 2005.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ER ORÐIN LEIÐ Á AMERÍSKUM FYRIRSÆTUM

## *Rifrildi, grátur og gelgjustælar*

Raunveruleikaþátturinn um „wannabee“ fyrirsæturnar í America's Next Top Model er orðinn hrikalega leiðinlegur. Einu sinni gat ég ekki beðið eftir miðvikudögunum en núna horfi ég bara ef ég nenni og man eftir. Þær eru allar svo miklar gelgjur og vitleysingar sem gera ekki annað en að kvarta og rífast.

Þættirnir eru líka alltaf eins. Alltaf í hverri þáttaröð er svona hæfilega mikið af rifrildum og jafnvel slagsmálum á milli stúlknanna til að halda uppi spennu. Að minnsta kosti ein þeirra tryllist yfir klippingunni. Svo gerist það alltaf, helst í um það bil miðri þáttaröð, að einhver af stelpunum veikist alvarlega eða þarf að fara á spítala. Þegar líður að lokum koma mömmur dekurrófanna til að dekra við þær og gelgjurnar fá grátkast. Og þær fá líka reglulega heimþrá og grenja í símann. Í lokin



vinnur svo einhver skvísa sem birtist einu sinni í Elle og við sjáum svo ekki meir, því hún fær enga vinnu. Frábært.

Ég mæli frekar með því að fólk fletti bara upp heimasíðu þáttanna. Þar er hægt að skoða allar myndirnar af stelpunum án þess að þurfa að hlusta á nöldur, rifrildi og gelgjustæla á undan. Svo ekki sé minnst á allt ruglið í henni Tyru Banks sem heldur að hún sé guðsgjöf til þessara stúlkna.

En þar sem þátturinn er nú á Skjáeinum þá verð ég í leiðinni að hrósa þeirri stöð fyrir fallega nýja grafík. Mér finnst hún mjög flott og hvílíkur munur frá síðustu grafík sem var eins og eitthvað fjólublátt skrímsli frá tíunda áratugnum. Núna bara getur maður varla beðið eftir næsta auglýsingahléi. Stefið er líka best: „Bahh bíba búppí bahh bíba búppú ba!“

## EKKI MISSA AF



▶ **20.05** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **16.00** Bridget Jones: The Edge of Reason STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Men In Trees SIRKUS



▶ **21.00** Design Star SKJÁREINN



▶ **20.05** Extreme Makeover: Home Edition STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Út og suður** (4:16) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geirharður bojng bojng** (2:26)
**18.30 Váboði** (2:13)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Everwood** (19:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith og Vivien Cardone.
**20.50 Lithvörf** (4:12) Að þessu sinni er rætt við Sólveigu Hólmarsdóttur leirlistamann. e.
**20.55 Á flakki um Norðurlönd** (2:8) (På luffen Norden) Finnsk þáttaröð um ungt fólk á ferðalagi um Norðurlönd. Í þessum þætti fara þau Joakim og Sonja um Mið-Svíþjóð.
**21.25 Hljóðu börnin** (Seportager: De tysta barnen) Finnskur heimildaþáttur um heyrnarlausa stúlku sem er að byrja í skóla.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Njósnadeildin** (10:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Lögmál Murphys** (3:6) e.
**00.15 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Against the Ropes**
**08.00 The Commitments** (e)
**10.00 Bridget Jones: The Edge of Reason**
**12.00 Shall We Dance?**
**14.00 The Commitments** (e)
▶**16.00 Bridget Jones: The Edge of Reason**
**18.00 Shall We Dance?**
**20.00 Against the Ropes** Bandarísk gamanmynd. Bönnuð börnum.
**22.00 Normal**
**00.00 Edge of Madness**
**02.00 Slackers**
**04.00 Normal**

## STÖÐ 2

**07.00 Villingarnir**
**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Kalli á þakinu**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (77:114)
**10.15 Grey's Anatomy** (36:36)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (22:23)
**14.40 According to Bex** (2:8)
**15.15 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Shin Chan**
**16.13 Batman**
**16.38 Tvíburasysturnar** (3:22)
**17.03 Horance og Tína**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Simpsons** (9:21)
▶**20.05 Extreme Makeover: Home Edition** (3:32)
**20.50 Las Vegas** (10:17)
**21.35 The Shield** (3:10) Stranglega bönnuð börnum.
**22.25 The Unit** (8:23) Önnur þáttaröð þessara vinsælu þátta sem fjalla um störf leynilegrar úrvalssveitar bandaríska hersins.
**23.10 Twenty Four** LOKAÞÁTTUR (23:24) Tíminn er að renna út en Jack er ekki tilbúinn til þess að gefast upp. Stranglega bönnuð börnum.
**23.55 Twenty Four** LOKAÞÁTTUR (24:24) Stranglega bönnuð börnum.
**00.40 Cold Case** (21:24)
**01.25 Virginia's Run**
**03.05 The Shield** (3:10)
**03.50 Las Vegas** (10:17)
**04.35 Extreme Makeover: Home Edition** (3:32)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight** Entertainment Tonight hefur um árin fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.10 Arrested Development** (18:18) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára. Michael heldur áfram að rembast við að reka fjölskyldufyrirtækið og halda um leið saman geggjuðustu fjölskyldu sem um getur, að Simpson-fjölskyldunni meðtalinni.
**20.40 Kitchen Confidential** (6:13) Gamanþáttur um Jack Bourdain var eitt sinn þekktur kokkur en eftir eina villta nótt tókst honum að klúðra öllu því sem hann hafði afrekað. Einn daginn fær hann upp úr þurru tilboð og er boðin staða yfirkokks á flottum veitingastað í New York.
**21.10 Young Blades** (8:13) Spennandi þáttaröð þar sem söguviðið er Frakkland á miðöldum og svokallaðar skyttur sjá um að verja landið gegn illum öflum. Ný kynslóð af skyttum eru í þjálfun og meðal þeirra er sonur hinnar þekktu skyttu D'Artagnan. Hinn ungi D'Artagnan og félagar hans þurfa að leggja allt undir til að verja konung sinn gegn hinum illa kardínála Mazarin sem gerir hvað sem er til að komast til valda. Hörkuspennandi þættir sem eru byggðir á sögunni um Skytturnar þrjár.
▶**22.00 Men In Trees** (2:17) Bráðkemmtileg ný þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki.
**22.45 Pirate Master**(4:14) Hörkuspennandi raunveruleikaþáttur í anda Survivor sem gerist um borð í alvöru sjóræningjaskipi. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.30 Pussycat Dolls Present: The Search** (8:8) (e)
**00.20 Entertainment Tonight** (e)
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 On the Lot** (e)
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 According to Jim** (12:22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Þegar Jim og Cheryl fá að kíkja á myndband sem notað verður í kynlífsfræðslu í skólanum komast þau að því að gamlar myndir af Jim eru notaðar í myndbandinu.
**20.00 All of Us** (7:22) Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.30 How Clean is Your House?** (4:13) Bresku heinlætisdívurnar Kim Woodburn og Aggie MacKenzie þefa uppi subbuleg heimili og taka til hendinni. Þessar bresku kjarnakonur skúra, skrúbba og bóna auk þess sem þær gefa sóðunum góð ráð. Núna heimsækja þær homma sem kemst varla út úr skápnum fyrir rusli. Hann er flottur fýr á almannafæri en heimili hans er ein ruslakista.
▶**21.00 Design Star** (3:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Hönnuðirnir fá 500 dollara og ellefu tíma í næsta verkefni þar sem hver og einn þarf að sýna frumleika og útsjónarsemi.
**22.00 Angela's Eyes** (5:13) Bandarísk þáttaröð um konu sem les í lygar fólks og er besti lygamælir bandarísku alríkislögreglunnar. Angela bregður sér í gervi menntaskólakennara til að rannsaka dauða nokkurra nemenda eftir ofneyslu á eiturlyfjum. Þar lendir hún í bráðri lífshættu og nú reynir á samstöðuna í lögregluliðinu.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Runaway** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Óstöðvandi tónlist**




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35

**The Shield**

Hörkuspennandi þáttur af The Shield. Þátturinn fjallar um sérsveit í lögregluliði Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sitt framgengt. Í þætti kvöldsins fær einn úr liðinu loksins tækifæri til að hefna dauða félaga síns. Hann hefur beðið lengi og ætlar sér ekki að sýna nokkra miskunn.



### ▶ BREIÐABLIK - HK

**Sýn kl. 19.45**

Í kvöld verður bein útsending frá nágrannaslag Kópavogsliðanna Breiðabliks og HK. Þetta er 8. umferð Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu en liðin hafa aldrei áður mæst í efstu deild í knattspyrnu og er því um sögulegan viðburð að ræða.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Í grænni lautu
**15.03** Valsakóngurinn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Laufskálinn
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Hið fagra mun sigra að lokum
**21.40** Slæðingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.10** Hvítu svingdívurnar
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**15.05 Suður-Ameríku bikarinn** (Brasilía - Argentína) Útsending frá leik í Suður - Ameríku bikarnum árið 2004.

**17.05 PGA Tour 2007 - Highlights** (The Traveller´s Championship)

**17.55 Kaupþings-mótaröðin 2007** Þáttur um síðasta mót á Kaupþings-mótaröðinni sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru.

**18.45 Copa America 2007** Upphitun fyrir keppnina um Suður-Ameríku bikarinn í knattspyrnu sem hefst 26. júní og fer fram í Venesúela. Keppnin er nú haldin í fertugasta og annað sinn og verða fjórtán þjóðir á meðal þátttakenda.

**19.45 Landsbankadeildin 2007** (Breiðablik - HK) Bein útsending frá nágrannaslag Kópavogsliðanna Breiðabliks og HK í 8. umferð Landsbankadeildarinnar í knattspyrnu. Liðin hafa aldrei áður mæst í efstu deild í knattspyrnu og því er hér um sögulegan viðburð að ræða.

**22.00 Copa America 2004** (Úrúgvæ - Perú)

**23.50 Sænsku nördarnir**

**00.35 Copa America 2004** (Venesúela - Bólivía)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Elmers verden **6.15** Brum **6.30** Cirkus Dannebrog **7.00** Liv på balkonen **7.30** Troen på ånder **8.00** Op og ned i Frilandshaven **8.30** Kærlighed **9.00** Sølyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Søren Ryge - 27 nye haver **10.00** Nationen **10.20** Vagn på vejen **10.50** Vildmark **11.15** OBS **11.20** Mor til 8 **11.50** Ud i det blå **12.20** Min store drøm **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.10** Dawsons Creek **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** 21 dage i Amazon-junglen **15.30** Anton - min hemmelige ven **16.00** Når midnatssolen går i sort **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.4**5 Tornado **21.10** Seinfeld **21.35** OBS **21.40** F¢dt uden ansigt **4.30** Karlsson på taget **5.00** Den lille prinsesse **5.10** Morten **5.30** Der var engang **6.00** Elmers verden

## NRK 1

**6.00** Ernst **6.20** Postmann Pat **6.35** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.15** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Sport Jukeboks **10.00** Jukeboks: Norsk på norsk **11.05** Lunsjtrav **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Robotgjengen **16.25** Lisa **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Nigellas kjøkken **18.25** Autofil **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **19.55** Romerrikets vekst og fall **20.45** Extra-trekning 21.00 Kveldsnytt **21.15** Sport i kveld **22.00** Norge i dag **22.10** Trial and Retribution **5.30** Sommermorgen **5.51** Peppa Gris **6.00** Ernst

## SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Planet Earth **10.55** När vi åt tandkräm **12.15** Taxi 13 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Vid Ladogas stränder **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Emil i Lönneberga **16.25** Bolibompas sommartips **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Livräddarna **21.0**5 Rapport **21.15** Six Feet Under **22.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige





ÞAKGLUGGAR
35%
afsláttur

Gæða þakgluggar á sérstöku tilboði á meðan birgðir endast.

Fást í eftirfarandi stærðum:
55 x 78 • 55 x 98 • 66 x 118
78 x 98 • 78 x 140 • 94 x 140

Ál er okkar mál
ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazookaboy!!

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég borða yfirleitt á Sólon eða Óliver í hádeginu. Þar fæ ég léttan mat, ekki of mikið bras og mikið salat með. Ég er í aðhaldi þannig að það er eins gott að gera þetta almennilega.“*

Karl Lúðvíksson, Kalli Lú, framleiðandi og fyrrverandi útvarpsmaður.



**LÁRÉTT 2.** hófdýr **6.** tveir eins **8.** soðningur **9.** bein **11.** mun **12.** farði **14.** miklu **16.** tónlistarmaður **17.** hola **18.** farfa **20.** guð **21.** útgáfunr. tónverks.

**LÓÐRÉTT 1.** erindi **3.** vörumerki **4.** fáeinar **5.** svelg **7.** skipafélag **10.** húðsepi milli táa **13.** nægilegt **15.** án **16.** nögl **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** asni, **6.** ee, **8.** soð, **9.** rif, **11.** ku, **12.** smink, **14.** stóru, **16.** kk, **17.** gat, **18.** lit, **20.** ra, **21.** ópus.

**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** ss, **4.** nokkrar, **5.** iðu, **7.** eimskip, **10.** fit, **13.** nóg, **15.** utan, **16.** kló, **19.** tu.

allt heimili
Alla fimmtudaga

# Rithöfundasambandið skoðar Gosa

Rithöfundasamband Íslands skoðar nú hvort samningsbrot hafi átt sér stað við þá ákvörðun Borgarleikhússins um að semja nýja leikgerð við söngleik um Gosa sem sýndur verður á fjölum leikhússins í vetur. Þjóðleikhúsið sýndi Gosa árið 1981 og snýst ágreiningurinn um hvort samkomulag hafi náðst við aðstandendur þeirrar sýningar um að nota þeirra leikgerð við uppfærslu Borgarleikhússins í haust. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun Selma Björnsdóttir leikstýra nýju uppfærslunni í leikgerð Karls Ágústs Úlfssonar en Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson mun sjá um tónlist.

Brynja Benediktsdóttir leikstýrði verkinu árið 1981 eftir leikgerð Þórarins Eldjárns en þá var það Sigurður Rúnar Jónsson sem samdi tónlist. Brynja vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið en Ragnheiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambandsins, staðfestir að málið sé komið á hennar borð. Hún segir málið vera í skoðun hjá lögfræðingum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýst deilan um hvort gildur samingur hafi verið gerður á milli Borgarleikhússins og aðstandenda sýningarinnar árið 1981 um að styðjast við þeirra leikgerð. Vilja þau meina að munnlegt samkomulag um slíkt hafi verið gert.

„Það er rétt að við föluðumst eftir því að nota þeirra leikgerð en það var alveg skýrt frá byrjun að við myndum vilja breyta henni,“ segir Guðjón Pedersen, leikhússtjóri Borgarleikhússins. Hann hafnar því að samkomulag hafi verið gert. „Eftir að hafa skoðað margar leikgerðir sáum við að það yrði miklu einfaldara að gera þetta sjálf. Þess vegna ákváðum við að fara þá leið.“ **- vig**



**GOSI** Ævintýrið um spýtukarlinn knáa var sýnt árið 1981 í Þjóðleikhúsinu.



**GUÐJÓN PEDERSEN** Segir að engir samningar hafi verið gerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON: KÓNGURINN Á BRÚÐKAUPSDAGINN MIKLA

# Syngur í sjö brúðkaupum sama daginn

„Ég er þríbókaður, eitt brúðkaup í Skorradal og tvö í bænum. En það eru ennþá að berast fyrirspurnir frá fólki um hvort ég sé laus þennan daginn,“ segir Hjörleifur Valsson, fiðluleikari en hann verður á þönum þegar hinn ógnvænlegi dagur, 07.07.07, rennur upp. Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu má reikna með algjörri sprengju í kirkjum landsins þegar íslensk pör flykkjast í guðshúsin til að láta pússa sig saman á þessari æði sérstöku dagsetningu. Tónlistarmenn fara ekki varhluta af þessum degi og margir hverjir hafa sömu sögu og Hjörleifur að segja.

Friðrik Ómar Hjörleifsson var til að mynda fjórbókaður þennan daginn. „Ég syng þrjú lög við hverja athöfn,“ segir Friðrik sem taldi sig vera nokkuð góðan; hann vissi í það minnsta af fáum skilnuðum hjá brúðhjónum sem hann hefði sungið fyrir. Friðrik bætti því síðan við að jafnan væri mest beðið um lagið „Hef ég sagt það hátt“ sem söngvarinn gaf út fyrir nokkru.

Bjarni Arason er ekki minna bókaður en Friðrik Ómar. „Jú, jú, ég er að fara syngja í fjórum brúðkaupum þennan daginn og svo í einni veislu seinna um kvöldið,“ sagði Bjarni sem hefur orðið mikla reynslu af slíkum söng enda verið að í þó nokkur ár. Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, tjáði Fréttablaðinu að hún væri líka bókuð í fjögur brúðkaup, þar af eitt í Stykkishólmi. „Ég tek oftast þrjú lög og einn sálm en í einu brúðkaupinu syng ég fjögur lög og einn sálm. Slíkt jaðrar bara við tónleika,“ sagði Sigrún og skellti upp úr.

Konungurinn af þeim sem Fréttablaðið ræddi við var hins vegar bróðir Diddúar, Páll Óskar Hjálmtýsson, en hann og hörpuleikarinn Monica eru allt að því fáránlega vinsæl. „Ég byrja klukkan ellefu um morguninn í Grindavíkurkirkju og verð að til klukkan átta um kvöldið,“ segir Páll sem taldist til að þetta væru í kringum sjö brúðkaup. „Ég reyni að hafa einn og hálfan tíma á milli athafna og ætli ég reyni ekki bara að sofa á milli enda er ég að fara að þeyta plötusnúðast á Nasa seinna um kvöldið.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**DIDDÚ** Bókuð í fjögur brúðkaup þann sjöunda júlí.



**PÁLL ÓSKAR** Ætlar að reyna hvíla sig á milli athafna.

2 fyrir 1 til
Montreal - Kanada
28. júní
frá aðeins kr. 19.990

Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Montreal 28. júní. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Verð kr. 19.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 28. júní.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



**ILLA FARINN** Vernharð Þorleifsson kinnbeinsbrotnaði illa í fótboltaleik.

# Erfið vika hjá Venna

„Ég lenti í viku frá helvíti,“ segir sjónvarpsmaðurinn og fasteignasalinn Vernharð Þorleifsson sem er þessa dagana að jafna sig eftir þrjú áföll sem gerðust í lífi hans með skömmu millibili.

Fyrst var brotist inn á heimili hans í Kópavoginum. „Þetta voru einhverjir kjánaþjófar. Þetta voru örugglega þrettán ára krakkar. Þeir skildu eftir rándýra hluti en stálu klinki af borðinu,“ segir Venni. „Maður lendir kannski í þessu í örfá skipti á ævinni og það hefði verið fútt í þessu ef heimilið hefði verið tómt. Þá hefði maður getað sagt að þetta hefðu verið alvöru karlar. Núna treystir maður bara á Öryggismiðstöðina og passar að vera ekki með dýra hluti heima.“

Daginn eftir innbrotið missti Venni ömmu sína og til að bæta gráu ofan á svart kinnbeinsbrotnaði hann illa þremur dögum síðar. „Ég var í leik með „old boys“ hjá Þrótti á þriðjudagskvöld. Ég fór í skallaeinvígi og þá var ég allur.“ Auk þess að kinnbeinsbrotna á tveimur stöðum gekk kjálkinn á Venna inn. Einnig meiddist hann fyrir ofan annað augað.

Venni, sem er margreyndur júdókappi, segist aldrei áður hafa lent í höfuðmeiðslum sem þessum. „Ég hef oft lent í aðgerðum og það er búið að svæfa mig oftar en ungabarn en ég hef aldrei lent í þessu áður.“

Þrátt fyrir meiðslin ætlar Venni ekki að láta deigan síga og bíður ólmur eftir því að komast aftur í boltann. „Ég er skráður á Pollamótið eftir viku. Ég hugsa að læknirinn yrði ekki voðalega sáttur ef ég myndi mæta en maður á rosa erfitt með að halda sér frá þessu. Maður fer bara varlega næst.“ **- fb**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Athafnakonan **Dóra Takefusa** hefur komið sér vel fyrir í Kaupmannahöfn þar sem hún hyggst opna kaffihús innan tíðar. Iðnaðarmenn vinna nú að því að standsetja kaffihús Dóru og stefnir hún að því að opna eftir þrjár eða fjórar vikur. Dóttir Dóru er komin inn á leikskóla í Kaupmannahöfn og kann fjölskyldan lífinu í borginni vel.



**Eiður Smári Guðjohnsen** hefur verið iðinn við að sinna ungum aðdáendum sínum síðustu daga. Hann var á Alþjóðaleikum ungmenna, eyddi drjúgri stundu í að veita eiginhandaráritanir á fjölskyldudegi Eimskips um helgina og mætti svo upp á Skaga þar sem Kaupþingsmótið í 7. flokki fór fram. Á kvöldvöku mótsins skemmti söngvarinn **Magni Ásgeirsson** og sömuleiðis þeir **Sveppi** og **Auddi**, góðvinir Eiðs. Sveppi tilkynnti mótsgestum að hann væri orðinn hálf leiður á því að leika Kalla á þakinu en sem betur fer hefði hann fundið staðgengil fyrir sig. Að svo búnu steig landsliðsfyrirliðinn á svið í búningi Kalla og spígsporaði þar um í dágóða stund. Börnin vissu í fyrstu ekki hvernig þau áttu að bregðast við en tóku fljótt við sér og klöppuðu ákaft.



**- hdm**

Tilboðsdagar

20% afsláttur

af öllum vörum

í nokkra daga

PUMA BÚÐIN

Laugavegur 42 - www.pumabudin.is

Sími 551 5599

Tilboðs dagar

20% afsláttur

af öllum vörum í nokkra daga...

MARAÞON

Kringlunni - Sími 581 1323

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



**BAKÞANKAR**

KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

# *Á ferð með afturgöngum*

Hvað er eiginlega á bak við þessa hurð," spurði ég eitt sinn konu sem var að sýna mér íbúð sem ég hafði í hyggju að kaupa. „O, svo sem ekkert," svaraði konan. Þegar henni hafði tekist að ljúka upp dyrunum með háværu marri blasti ekkert annað við en stigagangur frá undarlegu sjónarhorni og töluverð hæð niður að þrepunum. „Þetta hús var byggt þegar enn tíðkaðist að fólk dæi heima hjá sér. Í þröngum húsakynnum þurfti að gera ráð fyrir að hægt væri að komast út með líkkistu síðar meir," útskýrði konan. Ég keypti ekki íbúðina en frá þessari stundu hef ég þráð að eignast hús með dyrum að eilífðinni. Fólk sem býr við slíkar dyr verður ábyggilega ekki fyrir þeim nöturlegu örlögum að ganga aftur eftir dauðann.

**EKKI** að ég hafi nokkra reynslu af afturgöngum. Almættið og önnur óútskýranleg fyrirbrigði hafa aldrei sýnt mér nokkurn áhuga. Áhugaleysi þess kom glögglega í ljós þegar vinkona mín sem leigði af mér íbúð hafði eitt sinn samband við mig. Hún tók sér fyrst dágóðan tíma í að útskýra að hún væri við hestaheilsu, bæði líkamlega og andlega. Samt sem áður kæmist hún ekki hjá því að nefna það að í íbúðinni færi nokkuð mikið fyrir manni sem greiddi enga leigu og væri síður en svo velkominn. Ég taldi henni trú um að hún hefði misst vitið en fletti sjálf upp í atriðaskrá Íslandssögu Illuga. Fljótlega fann ég magnaða hryllingssögu úr fortíðinni. Sögusviðið var einmitt lítil kjallaraíbúð í götunni minni.

**EFTIRVÆNTINGIN** í svipnum á indælu nágrönnunum mínum sem komu rétt eftir að ég flutti inn til að athuga hvernig ég hefði það og ekki síst hvernig andinn í húsakynnunum mínum væri rifjaðist upp fyrir mér. Það rann upp fyrir mér að það sem ég hélt að væri reykvískur náungakærleikur var bara yfirskyn. Raunveruleg ástæða hafði verið löngun í krassilegar draugasögur, ekki hefði spillt fyrir að hitta móðursjúka konu sem myndi kasta vígðu vatni á hvern þann sem nálgaðist húsið. Þess ber að geta að nágrannar mínir voru hið besta fólk og ánægjulegt að yfirvofandi draugasögur tengdu okkur saman. Vinkonu minni varð heldur ekki meint af enda flutti hún fljótlega út eftir að ókunnugi maðurinn byrjaði að láta á sér kræla.

**STOKKSEYRI** og Strandir eru eftirlætisstaðir mínir á landinu. Þar hafa sögur úr fortíðinni verið virkjaðar inni í Draugasafni og Galdrasafni. Frásagnirnar þar virka á mig eins og fréttaskeyti af hörmungum liðinna tíma. Helsti kostur sagna frá löngu liðnum tímum, fram yfir samtímasögur, er sá að þær snerta mann ekki með sama hætti vegna fjarlægðar í tíma.

**SUMARLEYFI** á að vera áhyggjulaus tími. Því er best að leggja ekki við hlustir þegar fréttatímar dynja yfir. Ekki nema nauðsyn krefji. Betra er að rifja upp góða draugasögu, leita svara við drungalegum örnefnum og minnast þeirra sem landið byggðu. Þannig má smíða dyr inn í eilífðina.

SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480

**Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda**

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN



**Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI®** dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

**Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur**

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA